

Maí 2022



Blóðtaka úr fylfullum hryssum Starfsemi, regluverk og eftirlit

Útgefandi:

Matvælaráðuneytið

Maí 2022

mar@mar.is

Umbrot og textavinnsla:

Matvælaráðuneytið

©2022 [Ráðuneyti með höfundarrétt]

ISBN [Færa inn ISBN-númer]

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
1.1 Tilefni vinnunnar og umræðan	5
1.2 Afmörkun efnis	5
1.3 Dýravelferð.....	6
2 Blóðtaka úr fylfullum hryssum	9
2.1 Umfang starfseminnar.....	11
2.2 Ísteka og bændur.....	12
3 Eftirlit.....	14
3.1 Eftirlit Matvælastofnunar.....	14
3.2 Innra eftirlit Ísteka.....	15
3.3 Eigið eftirlit umráðamanna og Ísteka með heilbrigði hryssna á blóðtökutímabilinu	17
4 Löggjöf	19
4.1 Breytingar á löggjöf og leyfum sem veittar voru á grundvelli reglugerðar nr. 279/2002.....	19
4.2 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni.....	20
4.3 Lög um velferð dýra.....	21
4.4 Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.....	23
4.5 Reglugerð nr. 910/2014, um velferð hrossa.....	23
5 Sjónarmið hagaðila.....	25
5.1 Animal Welfare Foundation (AWF) – Fundur 8. mars 2022.....	25
5.2 Dýralæknafélag Íslands (DÍ) – 22. febrúar 2022.....	26
5.3 Dýraverndarsamband Íslands (DÍS) – 1. mars 2022.....	26
5.4 Eggert Gunnarsson, dýralæknir – 19. apríl 2022.....	26
5.5 Fagráð í hrossarækt – 1. mars 2022.....	28
5.6 Fagráð um velferð dýra – 8. mars 2022.....	29

5.7 Alþjóðasamband Íslandshestafélaga (FEIF) – 15. febrúar 2022.....	30
5.8 Félag hrossabænda (deild hrossabænda innan Bændasamtaka Íslands) – fundir 8. febrúar og 29. mars 2022.....	30
5.9 Félag tamningamanna (FT) – fundur 22. febrúar 2022.....	31
5.10 Ísteka – Fundir 8. febrúar og 8. mars 2022.....	31
5.11 Í-ESS bændur, samstarfsvettvangur blóðmerabænda – Fundur 1. mars 2022.....	32
5.12 Landssamband hestamannafélaga (LH) – Fundur 15. febrúar 2022.....	33
5.13 Samtök um dýravelferð á Íslandi – 8. mars 2022.....	33
5.14 Prófessor Xavier Manteca Vilanova – 10. mars 2022.....	34
5.15 Samantekt á sjónarmiðum hagaðila.....	34
6 Meginsjónarmið.....	37
6.1 Dýravelferð.....	37
6.1.1 Útigangan.....	37
6.1.2 Blóðtakan.....	38
6.1.3 Blóðmagnið.....	39
6.1.4 Tilgangur blóðtökunnar.....	41
6.2 Efnahagsleg sjónarmið:.....	41
6.3 Ræktunarsjónarmið:.....	41
6.4 Réttur til atvinnu.....	43
7 Tillögur.....	46
7.1 Að leyfa starfsemina áfram á breyttum forsendum.....	46
7.2 Að banna starfsemina með lögum.....	47
Viðaukar.....	48
Viðauki 1: Greinargerð fagraðs í hrossarækt til starfshópsins.....	49
Viðauki 2: Greinargerð félags hrossabænda (deildar hrossabænda innan Bændasamtaka Íslands) til starfshópsins.....	52
Viðauki 3: Yfirlit rannsóknarþjónustu Alþingis um evrópska löggjöf um blóðmerahald.....	56

1. Inngangur

1.1 Tilefni vinnunnar og umræðan

Haustið 2021 birtu svissnesk-þýsku dýraverndarsamtökin Animal Welfare Foundation¹ (AWF/TSB) myndband á vefnum sem sýndi blóðtöku úr fylfullum hryssum á Íslandi þar sem sjá mátti illa meðferð á hryssum sem verið var að taka blóð úr. Myndbandið² kom almenningi mjög á óvart þrátt fyrir að blóðtaka úr fylfullum hryssum hafi verið stunduð hérlandis frá árinu 1979, þegar hún hófst sem tilraunaverkefni. Sérstakt meðgönguhormón (equine chorionic gonadotropin, skammstafað ECG) er unnið úr blóðinu en hormónið er nýtt í lyfjaframleiðslu. Í kjölfar birtingarinnar spratt upp mikil umræða um blóðmerahald, blóðtökuna sjálfa og tilganginn að baki henni.

Umræðan er þó ekki ný. Í því sambandi má nefna að töluverðar umræður urðu í kringum frumvarp til breytinga á lögum um velferð dýra (nr. 55/2013), þar sem lagt er til bann við blóðmerahaldi og blóðtöku úr fylfullum hryssum. Frumvarpið var fyrst lagt fram á Alþingi í febrúar 2021, endurflutt í desember sama ár og er nú til meðferðar í atvinnuveganefnd þingsins³. Það er þó ljóst að umræðan hefur ekki verið jafn hávær og eftir birtingu áður nefnds myndbands, bæði innan og utan landsteina Íslands.

Í kjölfar þess að AWF birti áður nefnt myndband skipaði matvælaráðherra starfshóp sem falið var að taka málið til skoðunar. Matvælaráðherra fer með lög nr. 55/2013, um velferð dýra og Matvælastofnun sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn sama ráðherra (sbr. lög nr. 30/2018, um Matvælastofnun) fer með framkvæmd laganna og hefur með opinbert eftirlit með öllu dýrahaldi, þar með talið blóðtöku úr fylfullum hryssum.

Starfshópin skipuðu fulltrúar matvælaráðuneytisins, Matvælastofnunar og Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.

1.2 Afmörkun efnis

Samkvæmt skipunarbréfi var starfshópnum falið að fjalla um blóðtöku úr fylfullum hryssum, regluverkið í kringum starfsemina, eftirlit með henni, skoða löggjöf og mögulega framkvæmd slíkrar starfsemi erlendis. Þá var starfshópnum einnig falið að funda með hagaðilum. Fram kemur að almenningi skuli gefast kostur á að tjá sig um störf og tillögur hópsins á Samráðsgátt stjórnvalda þegar þær liggja fyrir. Rannsókn Matvælastofnunar á myndbandi dýraverndarsamtakanna AWF/TSB sem vísað var til lögreglu þann 7. janúar 2022⁴ fellur ekki undir vinnu starfshópsins þó þar kunni að koma fram álitaefni sem skarast á við eða tengjast vinnu hans. Hópnum var heldur ekki ætlað að fjalla um útgáfu starfsleyfa til Ísteka er varða

¹ <https://www.animal-welfare-foundation.org/en/>

² <https://youtu.be/SkHP65O4RUg>

³ <https://www.althingi.is/altext/152/s/0015.html>

⁴ <https://www.mast.is/is/um-mast/frettir/frettir/rannsokn-a-meintri-illri-medferd-a-blodtokuhryssum-visad-til-logreglu>

lyfjaframleiðslu sem veitt eru af Umhverfisstofnun, en þau voru gefin út 14. janúar⁵ og 12. apríl⁶ 2022. Ísteka hefur einnig leyfi til lyfjaframleiðslu sem Lyfjastofnun veitir.⁷ Þá liggur fyrir að Samkeppniseftirlitið hefur til athugunar að meta stöðu lyfjateknifyrirtækisins Ísteka og háttsemi gagnvart bændum sem eru á samningum hjá fyrirtækinu vegna blóðtöku til lyfjaframleiðslu og verður ekki tekin afstaða til þeirra álitaeftna í skýrslu þessari.

Ljóst er að margvísleg sjónarmið koma til álita þegar fjallað er um blóðmerahald og blóðtöku úr fylfullum hryssum, sem spanna allt frá siðferðilegum álitamálum tengdum velferð dýra, til beinna og óbeinna efnahagslegra áhrifa og lögvarinna atvinnuréttinda. Auk þess fjallar starfshópurinn um ýmis atriði er lúta að innra og ytra eftirliti með blóðmerahaldi og blóðtöku.

1.3 Dýravelferð

Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin leggur áherslu á „frelsin fimm“ í skilgreiningu sinni á dýravelferð. Frelsin fimm voru þróuð árið 1965, njóta viðurkenningar á alþjóðavísu og hafa verið lögð til grundvallar bæði hjá opinberum aðilum, svo sem við löggjöf og stefnumótun, sem og hjá frjálsum félagasamtökum. Frelsin fimm fela í sér ríkar skyldur til að búa dýrum ákjósanleg lífsskilyrði og þegar um er að ræða búfénað kalla þau á tilteknar ráðstafanir, eins og lýst er í töflu 1:

Tafla 1: „Frelsin fimm“ og samsvarandi ráðstafanir fyrir búfé (frá Mellor, 2016, bls. 2).⁸

	Frelsi	Ráðstöfun
1	Frelsi frá þorsta, hungri og vannæringu	Greiður aðgangur að vatni og næringu
2	Frelsi frá óþægindum	Viðeigandi aðbúnaður
3	Frelsi frá sársauka, meiðslum og sjúkdómum	Skjót sjúkdómsgreining og meðferð
4	Frelsi frá ótta og neyð	Aðbúnaður sem kemur í veg fyrir andlega þjáningu
5	Frelsi til að sýna eðlilega hegðun	Nóg rými, viðeigandi aðbúnaður og félagsskapur dýra af eigin tegund

Frelsisákvæðin fimm eru gjarnan talin lýsa væntingum samfélagsins til aðstæðna sem dýr ættu að upplifa þegar þau eru undir stjórn manna. Fyrstu fjögur ákvæðin kveða á um neikvætt frelsi, þ.e. frelsi undan tilteknum aðstæðum, t.d. frelsi frá hungri, vannæringu, ótta, sársauka, og

⁵ <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2022/01/14/Utgafa-starfsleyfis-fyrir-Isteka-ehf/>

⁶ <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2022/04/12/Utgafa-starfsleyfis-fyrir-starfsstod-Isteka-ehf.-a-Eirhofda-13-og-15/>

⁷ <https://www.lyfjastofnun.is/leyfisskyld-starfsemi/framleidslufyrirtaeki/>

⁸ Mellor, D. (2016). Updating Animal Welfare Thinking: Moving beyond the “Five Freedoms” towards “A Life Worth Living.” *Animals*, 6(3), 21. <https://doi.org/10.3390/ani6030021>

sjúkdómum. Fimmta ákvæðið varðar jákvætt frelsi, þ.e. frelsi til að tjá eðlilegt hegðunarmynstur.

Lög nr. 55/2013, um velferð dýra, byggja m.a. á framangreindum grunngildum sem felast í „frelsunum fimm“. Í 1. gr. laganna segir að markmið þeirra sé að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að þau eru skyni gæddar verur. Enn fremur er það markmið laganna að dýr geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.

Tilurð laganna má rekja aftur til ársins 2008 er umhverfisráðherra sem þá fór með málaflökkinn skipaði nefnd til að gera tillögu að endurskoðun dýraverndarlaga nr. 15/1994. Markmiðið með endurskoðun laganna var m.a. að stjórnsýsla og eftirfylgni mála á sviði dýraverndar yrði skilvirk og sem einföldust í framkvæmd. Þá segir einnig í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 55/2013, um velferð dýra, að tildrög þess að farið var af stað með endurskoðun dýraverndarlaga voru meðal annars að ekki þótt hafa náðst nægjanlega góður árangur í einstökum málum sem upp höfðu komið.

Ástæður þess mátti að hluta til rekja til þess lagaumhverfis sem gilti um málaflökkinn á þeim tíma. Framkvæmd laga um dýravernd, nr. 15/1994, heyrði undir umhverfisráðuneytið eða Umhverfisstofnun en þágildandi lög um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, sem voru dýraverndarlög fyrir búfé, heyrðu undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Matvælastofnun (og fyrirrennara hennar). Þetta fyrirkomulag olli því að í einhverjum tilfellum voru valdmörk og hlutverk einstakra stofnana óskýr og að auki unnu tvær stofnanir, undir tveim ólíkum ráðuneytum, að sama málaflöknum. Í greinargerð með nýju frumvarpi var einnig gerð grein fyrir því að nokkuð ítarleg reglugerðarákvæði um aðbúnað tiltekinna búfjártegunda ættu sér fremur veika lagastöð þar sem þau væru ekki studd heildstæðri löggjöf um velferð dýra.

Lög um dýravernd voru hins vegar mun ítarlegri en búfjárhaldslögin hvað þetta varðar. Þá voru þvingunarúrræði í lögum um búfjárhald af skornum skammti og fólust fyrst og fremst í því að brot væru kærð til lögreglu, eða vörslusviptingu beitt þegar ekki væri orðið við kröfum. Reynslan hafði sýnt að í mörgum tilvikum skilaði kæra til lögreglu litlum árangri vegna forgangsröðunar brýnni mála. Vörslusvipting telst almennt harkalegt úrræði og því er jafnan ekki beitt nema brýna nauðsyn beri til, en þar fyrir utan hafa slík úrræði gefist misjafnlega vel. Framkvæmdin kann að verða þunglamaleg þar sem slíkar aðgerðir krefjast samvinnu Matvælastofnunar, lögreglu og sveitarfélags. Lög um dýravernd töldust litlu sterkari hvað þvingunarúrræði varðar og hafði þeim lögum t.a.m. ekki verið beitt af hálfu Matvælastofnunar sem eftirlitsaðila, enda lög um dýravernd á ábyrgð Umhverfisstofnunar sem ekki hafði eftirlit með búfjárhaldi.

Með frumvarpi til laga um velferð dýra frá 2013 var lagt til að heiti málaflökksins yrði breytt í lagamálinu þannig að hætt yrði að tala um “dýravernd” og þess í stað talað um “velferð dýra”. Rökin sem lágu þar að baki voru meðal annars að hugtakið “velferð dýra” lýsir betur efnisinntaki málaflökksins heldur en “dýravernd”.

Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 55/2013, segir í umfjöllun um 1. gr. laganna að þar sé gerð grein fyrir markmiðum frumvarpsins sem hafa beri að leiðarljósi við framkvæmd og skýringu þeirra, sem og við setningu reglugerða með stoð í þeim. Þá segir að

samkvæmt greininni felist það nánar tiltekið í hugtakinu „velferð dýra“ að dýr séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, eins og fram kemur að ofan í greinargerðinni er einnig tekið fram að annað markmið frumvarpsins sé nátengt hinu fyrra og felist það í því að dýr hafi möguleika á að sýna sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt. Þannig felst viðurkenning á því í markmiðsákvæði 1. gr. að dýr séu skyni gæddar verur sem hafa sjálfstæðan tilverurétt óháð því hvernig þau nýtast mannum eða efnahagslegum ávinningi mannsins af þeim.

Þótt ákvæðin fimm um frelsi dýra njóti alþjóðlegrar viðurkenningar fer minna fyrir samræmdri alþjóðlegri löggjöf um dýravelferð. Á vettvangi Evrópusambandsins er til að mynda ekki fyrir að fara heildstæðri samræmdri löggjöf um dýravelferð, þótt ýmsar reglur sem taka til margvíslegra dýrategunda og velferðarmála séu samræmdar. Sem dæmi má nefna tilskipun ráðsins um lágmarksstaðla um vernd allra eldisdýra (98/58/EB) og reglugerðir ráðsins um vernd dýra við flutninga ((EB) 1/2005) og um vernd dýra við aflífun ((EB) nr. 1099/2009). Þá er einnig til að dreifa sérhæfðari reglum sem taka til einstakra tegunda dýra sem og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni.

2 Blóðtaka úr fylfullum hryssum

Í grein Gonzales-Bulnes og fleiri frá 2020⁹ er upphaf notkunar eCG/PMSG hormónsins til að stýra og samstillta gangmál búfjár rakið til rannsókna á 5. og 6. áratug 20. aldar. Fram kemur að það sé notað víða í svína-, nautgripa-, sauðfjár-, geita-, og kanínurækt. Í greininni kemur einnig fram að vegna vaxandi gagnrýni á blóðmerahald á síðustu árum og áratugum hafi annarra leiða verið leitað en að það hafi gengið misjafnlega eftir dýrategundum.

Ekki er til yfirlit um blóðmerabúskap á heimsvísu eða hversu mikið af magn af eCG/PMSG hormóninu er framleitt árlega. Eins og staðan er í dag er starfsemin á EES-svæðinu nær eingöngu bundin við Ísland. Samkvæmt grein Manteca-Vilanova og fleiri frá 2019¹⁰ er vitað að umfangið er talsvert í Suður-Ameríku, einkum þá í Argentínu og Uruguay. Þá tíðkast blóðmerahald einnig í Rússlandi, Mongólíu og Kína en engar upplýsingar liggja fyrir um umfang þess í þeim löndum.

Í skýrslu samtaka evrópskra dýralækna (FVE) frá 2019¹¹ kemur fram að notkun lyfja með eCG/PMSG sé almennt leyfð í Evrópu. Talin eru upp fjölmörg stór lyfjafyrirtæki sem framleiða og selja lyf sem nýta hormónið s.s. CEVA í Frakklandi HIPRA á Spáni, IDT í Þýskalandi og fjölþjóðafyrirtækin MSD (Merck) og Zoetis. Mörg þeirra hafi þó hætt að kaupa hráefni frá S-Ameríku vegna gagnrýni að meðferð hryssna við blóðtöku þar. Ekki er talið að blóðmerahald tíðkist annars staðar á EES-svæðinu en á Íslandi, en ekki er gerð grein fyrir umfangi starfseminnar utan Evrópu eða framboði á eCG/PMSG utan þess sem fjallað er um S-Ameríku (einkum þá í Uruguay og Argentínu).

FVE leggst ekki gegn blóðmerahaldi en telur rétt að setja því starfsreglur og fylgjast betur með líðan hryssanna. Meðferðin verði að taka mið af frelsunum fimm á sviði dýravelferðar sem fjallað er um annars staðar í skýrslunni. Þá leggur FVE til að aðrar lyfjalausnir verð notaðar þar sem þess er kostur.

Fram kemur að aðrar lyfjalausnir séu víða fyrir hendi til að stýra og samstillta gangmál búfjár en almennt sé virkni þeirra síðri en lyfja með eCG/PMSG auk þess sem helmuningartími sé skemmri, sem útheimti að gefa þurfi lyfin oft. Áætlað hefur verið að ef eCG/PMSG væri ekki fyrir hendi myndi þurfa allt að 15% fleiri gripi í svína-, nautgripa- og sauðfjárrækt í Evrópu til að framleiða sama afurðamagn. Einnig er þó bent á að ná megi árangri með bættri bústjórn.

Blóðtaka úr fylfullum hryssum hefur verið stunduð hér á landi um rúmlega 40 ára skeið eða síðan árið 1979, þegar hún hófst í tilraunaskyni á vegum fyrirtækisins G. Ólafssonar. Ári síðar hófst útflutningur á blóðplasma úr fylfullum hryssum. Blóðtaka hefur frá upphafi verið í þeim tilgangi að safna blóði til að einangra hormónið „equine chorionic gonadotropin“, skammstafað

⁹ Gonzalez-Bulnes, Antonio & Martin, Graeme & Martinez, Paula. (2020). Seventy years of progestagen treatments for management of the sheep oestrous cycle: where we are and where we should go. *Reproduction Fertility and Development*. 32. 441-452.. <https://doi.org/10.1071/RD18477>.

¹⁰ Manteca Vilanova, X., De Briyne, N., Beaver, B., & Turner, P. V. (2019). Horse Welfare During Equine Chorionic Gonadotropin (eCG) Production. *Animals : an open access journal from MDPI*, 9(12), 1053. <https://doi.org/10.3390/ani9121053>

¹¹ Federation of Veterinarians of Europe (2019). Frequently asked questions (FAQ) regarding the production, distribution and use of Pregnant Mare Serum Gonadotrophin (PMSG).

eCG sem er einnig þekkt í daglegu tali sem PMSG (pregnant mare serum gonadotrophin). Árið 2000 var líftæknifyrirtækið Ísteka stofnað en það vinnur framangreint hormón úr blóðinu sem notað er til framleiðslu á frjósemislyfjum, sem gefin eru búfé, það er svínum, sauðfé, geitum, nautgripum og kanínum. Vísað er jafnframt til frekari umfjöllunar um fyrstu ár starfseminnar í kafla um fund starfshópsins með Eggerti Gunnarssyni dýralækni síðar í skýrslunni.

Ástæður þess blóðmerahald hófst á Íslandi á þessum tíma tengdust bæði kringumstæðum á Íslandi og á meginlandi Evrópu. Framleiðsla á frjósemislyfjum unnum úr blóði fylfullra hryssna hafði verið stunduð um árabíl í álfunni. Sífelld reyndist þó erfiðara að safna miklu magni af blóði úr fylfullum hryssum í Danmörku og víðar á meginlandinu, þar sem stærri stóðum hafði fækkað. Fyrir lá jafnframt að framleiðsla á Íslandi í nautgripa- og sauðfjarrækt þyrfti að sæta takmörkunum vegna offramleiðslu og innleidd voru kvótakerfi í báðum greinum. Af þeim sökum voru margar hugmyndir að nýjum búgreinum og annarri nýrri starfsemi til sveita teknar til skoðunar og blóðmerahald var ein þeirra. Önnur ástæða kann að hafa verið sú að jarðir á Íslandi eru margar hverjar landmiklar og er þá stór hluti oft úthagi, sem getur hentað mjög vel fyrir hrossabeit. Bændur sem höfðu yfir miklum úthaga að ráða og voru með stóð til að framleiða folaldakjöt, kunna að hafa séð tækifæri í blóðmerahaldi af þeim sökum.

Hryssur framleiða hormónið eCG/PMSG á fyrsta þriðjungi meðgöngu. Tilgangur þess er að örva vöxt eggþúa og egglos og fjölga þannig gulbúum í eggjastokkunum sem tryggja háan styrk meðgönguhormónsins prógesterón sem viðheldur fangi. eCG/PMSG örvar jafnframt vöxt eggþúa og egglos í öðrum dýrategundum og því hefur hormónið verið nýtt í frjósemislyf, bæði til að auka frjósemi og meðhöndla ófrjósemi, en einnig til að samstillja gangmál. Meðgöngutími hryssna er í kringum 11 mánuðir. Hryssur sem ætlaðar eru til blóðtöku kasta almennt í maí og festa fang u.þ.b. mánuði síðar sem er alla jafna á öðru gangmáli eftir köstun. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun er fyljun í öllum tilfellum náttúruleg, þar sem einn stóðhestur gengur með 15-20 hryssum í hólfi og er þeim sleppt inn í hólfin á tímabilinu 20. maí til 10. júní.

Um 40-45 dögum eftir að áætluð fyljun hefur átt sér stað er tekin blóðprufa fyrir fylpróf og mælingar á eCG/PMSG. Fylfullar hryssur byrja venjulega að framleiða hormónið upp úr 40. degi meðgöngunnar og nær styrkur þess hámarki 55-70 dögum eftir fyljun en lækkar eftir það fram að degi 100-140 þegar eCG/PMSG hverfur úr blóðinu. Blóðtaka getur alla jafna hafist á degi 50 og frá þeim tíma er blóð tekið úr hryssunum með viku millibili á meðan hormónið mælist í vinnanlegu magni.

Samkvæmt starfsskilyrðum¹² sem Matvælastofnun setur starfseminni má að hámarki taka 5 lítra af blóði vikulega í að hámarki 8 vikur, en þó aldrei lengur en til 5. október ár hvert. Aðeins má taka blóð á starfsstöðvum/bæjum þar sem hrossahaldið uppfyllir almenn skilyrði um dýravelferð og þar sem ekki hafa komið upp alvarleg frávík við hrossahaldið á undangengnum vetri. Einungis dýralæknar með gilt starfsleyfi á Íslandi hafa leyfi til að annast blóðtöku að undangenginni staðdeygingu á stungustað. Þeir skulu meta, fyrir blóðtöku, hvort hver og ein

¹² <https://www.mast.is/static/files/leidbeiningar/Hross/skilyrði-fyrir-blodtöku-ur-fylfullum-hryssum.pdf>

hryssa uppfylli skilyrði um heilbrigði og holdafar. Allir sem að blóðtökunni koma skulu gæta að velferð hryssnanna við rekstur í rétt og sjálfa blóðtökuna með nærgætinni umgengni.

Matvælastofnun setur í leiðbeiningum sínum fram ýmsar fleiri kröfur eins og um aðgengi hryssnanna að vatni og salti strax eftir blóðtöku, fjölda hryssna auk folalda í blóðtökuhópum og fjölda hryssna sem hver dýralæknir má hafa samtímis í blóðtöku. Nýlega hefur verið gerð sú krafa að hryssurnar hafi náð fjögurra vetra aldri áður en blóðtaka hefst. Draga skal úr slyshættu í réttum og blóðtökubásum en einnig á beitilandi og rekstrarleiðum.

Árið 2022 verða kröfurnar auknar. Meðal annars verður settur hámarksaldur (24 vetra) á þær hryssur sem nota má í blóðtöku og dregið úr hraðanum í blóðtökufurlinu með fækkun hryssna í hverjum blóðtökuhópi og strangari takmörkunum á hvað dýralæknar mega vera með margar blóðtökur í gangi í einu (3). Ný og breytt skilyrði koma fram í skýrslu Matvælastofnunar um eftirlitið sem kom út í apríl 2022 (bls. 5-6).¹³

Framangreind skilyrði fyrir blóðtöku byggja á faglegu mati Matvælastofnunar og eftirlitsniðurstöðum undangenginna ára og hafa það að markmiði að tryggja að blóðtaka úr fylfullum hryssum uppfylli almenn skilyrði um dýravelferð. Ekki er fjallað með sértækum hætti um skilyrði blóðtökunnar í lögum eða reglugerðum, eins og nánari grein er gerð fyrir hér að neðan

Í umsögn Matvælastofnunar¹⁴ um frumvarp um bann við blóðmerahaldi, sem vísað er til að ofan, er blóðtökunni lýst með eftirfarandi hætti: Blóðtökubásar eru tökubásar sem byggðir hafa verið í tengslum við réttir og gerði á blóðtökubæjum. Hryssur og folöld sem þeim fylgja eru fyrst rekin úr beitarhólfi til réttar og þaðan er hryssunum beint, einni af annarri í blóðtökubásana. Leið þeirra liggur yfirleitt í gegnum einhverskonar trekt eða gang. Þegar hryssan er komin inn í básinn er lagt við hana og básnum lokað að aftan. Hryssan er bundin með þeim hætti að höfuðið er reigt upp og til hliðar þannig að meginbláæð liggja vel við stungu. Þegar dýralæknir hefur staðdeyft hryssu á stungustað stingur hann nál í meginbláæð (v. jugularis) þannig að blóð tekur að renna í þar til gert ílát og tekur hver blóðtaka u.þ.b. 5-10 mínútur. Hryssunni er að þessu loknu hleypt út í gerði þar sem hún fær aðgang að vatni og salti og folaldið bíður hennar. Að blóðtöku lokinni er hópurrinn rekinn til baka í beitarhólf.

2.1 Umfang starfseminnar


Umfangið hefur breyst talsvert á undanförunum árum. Samkvæmt rannsókn sem gerð var af Eggerti Gunnarssyni og Þorsteini Ólafssyni og birtist árið 1982¹⁵ var blóðtakan í fremur smáum stíl fyrsta árið (1979), en þá var tekið blóð úr 80 hryssum. Strax árið eftir var tekið blóð úr 680 hryssum og liðlega 1000 árið 1981. Eggert Gunnarsson kom á fund starfshópsins og fjallaði þar ítarlega um tilurð starfseminnar og vísað er til nánari umfjöllunar um þann fund í kafla skýrslunnar um viðhorf hagaðila. Gögn eru ekki fyrir hendi um umfangið frá 1982-2001 en frá 2002 eru til samfelld gögn (sjá mynd 1). Línulegur vöxtur hefur verið frá 2010, en hægt hefur

¹³ https://www.mast.is/static/files/skyrslur/eftirlit-med-blodtokuhryssum-skyrsla-mast_loka.pdf

¹⁴ <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-569.pdf>

¹⁵ <https://timarit.is/page/5571587?iabr=on>

á honum frá 2019. Meðalfjöldi á hverjum bæ 2002-2021 hefur ekki vaxið jafn hratt. Árið 2021 var tekið blóð úr tæplega 5400 hryssum á 119 starfsstöðvum (bæjum). Í maí 2022 var heildarfjöldi lifandi hrossa í landinu 83.000 samkvæmt gagnagrunninum Worldfeng (www.Worldfengur.com - WF) sem er allt í senn; alþjóðleg upprunaættbók íslenska hestsins, skýrsluhaldskerfi hrossaræktarinnar og opinber gagnagrunnur stjórnvalda. Skylt er að skrá öll hross, 10 mánaða og eldri, í gagnagrunninn og einstaklingsmerkja með örmerki. Skráning hrossa gengur vel eftir enda eru óskráð hross hvergi gjaldgeng. Hins vegar vantar nokkuð upp á að hross sem hafa verið felld séu afskráð og því er stærð íslenska hrossastofnsins ofmetin í WF. Samkvæmt lögum um búfjárhald er umráðamönnum hrossa enn fremur skylt að skila árlegri haustskýrslu um fjölda ásetts búfjár, þ. á m. hrossa, í gagnagrunninn Bústofn, sem heldur sérstaklega utan um hagtölur í landbúnaði. Haustskýrslur þessar skila sér síður fyrir hrossahald í þéttbýli og fjöldi bæði hrossa og búa/starfsstöðva er því vanmetinn í Bústofni. Tölurnar þar fyrir árið 2021 eru 54.069 hross á 3.374 búum/starfsstöðvum. Út frá framangreindum gögnum er heildarfjöldi hrossa í landinu metinn í kringum 69.500.



Mynd 1. Fjöldi bæja í blóðmerahaldi, fjöldi hryssna í blóðtöku og meðalfjöldi á hverjum bæ 2002-2021 (Heimildir: Matvælastofnun og Ísteka).

2.2 Ísteka og bændur

Ísteka ehf er eins og fram hefur komið eini aðilinn sem kaupir blóð af bændum og hefur verið það frá því að fyrirtækið tók við starfsemi í kjölfar stofnunar þess árið 2000. Fyrirtækið safnar blóðinu, vinnur eCG/PMSG hormónið úr því og flytur það síðan út. Kaupendur eru lyfjafyrirtæki sem vinna endaaufurðina þ.e. dýralyfin sem byggja á notkun hormónsins.

Fyrirtækið velti rúmum 1,7 milljörðum króna á árinu 2020 og þar starfa um rúmlega 40 manns. Tekjur þess koma allar af útflutningi. Hagnaður skv. ársreikningi sem aðgengilegur er hjá fyrirtækjaskrá Skattsins var tæpar 600 milljónir króna. Ekki var greiddur út arður á árinu. Eigið fé voru rúmar 1.650 milljónir króna í árslok og það hefur vaxið úr tæpum 500 milljónum króna frá 2015.

Fyrirtækið lét starfshópnum í té margvísleg gögn. Þar ber fyrst að nefna rannsóknarniðurstöður um áhrif blóðsöfnunar á hryssur í blóðgjöf sem framkvæmdar voru með mælingum á

blóðgildum þeirra árin 2001, 2002, 2006, 2012, 2014, 2017, 2019 og 2021. Mælingarnar voru upphaflega gerðar að fyrirmælum Tilraunadýranefndar sem starfaði samkvæmt þágildandi lögum, en eru nú hluti af skilyrðum sem Matvælastofnun setur starfseminni um innra eftirlit fyrirtækisins. Mælingarnar ber að gera á tveggja ára fresti. Samanteknar niðurstöður fyrir árin 2011-2021 er að finna í töflu 4. í skýrslunni.

Þá lét Ísteka starfshópnum í té afrit af viðskiptasamningi sem fyrirtækið gerir við bændur og samningi um velferðar- og gæðamál auk gæðahandbókar fyrir bændur (útgáfa frá 2017). Gildur samningur um velferðar- og gæðamál er forsenda viðskipta. Þar er lýst þeim kröfum sem fyrirtækið gerir til bænda í viðskiptum s.s. varðandi skráningar, upplýsingagjöf, merkingar, holdastig hryssna, aðstöðu, beitoland, tryggingar, ásýnd og umhverfi og meðferð gripanna, sem og fleiri þætti sem varða fyrirkomulag starfseminnar. Gerð er ítarlegri grein fyrir útfærslu og framkvæmd einstakra atriða í gæðahandbók. Fyrirtækið annast eftirlit og eftirfylgni með ákvæðum samningsins. Brot á dýravelferðarákvæðum samnings geta leitt til fyrirvaralausrar riftunar viðskipta, en við brot á öðrum ákvæðum er gefinn tveggja vikna frestur til úrbóta. Komi upp alvarlegt frávik í eftirliti Matvælastofnunar á viðkomandi bæ varðar það einnig riftun.

Í viðskiptasamningi er svo gerð grein fyrir greiðslufyrirkomulagi til bændanna. Greiðslum er skipt í þrjá flokka og er mest greitt þegar hver hryssa skilar blóðmagni sem fer yfir ákveðið meðaltal á blóðtökutímabilinu í heild. Þá eru reiknaðar með allar hryssur sem eru í blóðtökustóðinu á viðkomandi bæ. Það skiptir því máli að fyljun heppnist vel. Vitanlega er ekki tekið blóð úr geldum hryssum þar sem þær framleiða ekki eCG/PMSG hormónið en þær reiknast samt með. Til að lenda í hæsta greiðsluflokki þarf allur hryssuhópurinn sem skráður er í blóðtöku að skila að meðaltali 27,5 lítrum blóðs á tímabilinu í heild. Næsti flokkur miðast við að lágmarki 25 lítra meðaltal, en sá þriðji er þá fyrir allt meðaltal undir því. Tekið er þó tillit til þess ef stóðhestar með ákveðnum hópum bregðast við fyljun eða um nýjar hryssur er að ræða. Árið 2021 var 32% verðmunur á lægsta og hæsta greiðsluflokki en 20% munur á þeim lægsta og flokknum í miðið. Tímabilið í heild er greitt í einni greiðslu í desember.

Ísteka lét starfshópnum einnig í té gögn um heildargreiðslur til bænda síðustu 5 ár sem sjá má í töflunni hér að neðan. Hér eru eingöngu tilgreindar greiðslur fyrir blóðið sjálft á verðlagi hvers árs. Meðalgreiðsla á hryssu eru útreikningar starfshópsins.

Tafla 2. Greiðslur Ísteka til bænda 2017-2021

Ár	Upphæð án vsk.	Meðalgreiðsla pr. hryssu
2021	ISK 374.449.127	69.561 kr.
2020	ISK 317.402.929	61.788 kr.
2019	ISK 293.601.340	58.301 kr.
2018	ISK 202.636.527	49.231 kr.
2017	ISK 167.942.581	45.773 kr.

Fyrirtækið Ísteka hefur sjálft eignast talsverðan fjölda hrossa á síðustu árum. Í árslok 2021 var fyrirtækið skráður eigandi 363 hrossa skv. gagnagrunninum Bústofni, þar af 132 hryssum fjögurra vetra og eldri, 194 tryppum eins til þriggja vetra og 37 folöldum.

3 Eftirlit

Hvorki í lögum nr. 55/2013, um velferð dýra, né í lögum um búfjárhald, er fjallað sérstaklega um blóðtöku fylfullra hryssna. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 55/2013 skal allt dýrahald vera háð reglulegu opinberu eftirliti Matvælastofnunar og skal umfang og tíðni eftirlits byggt á áhættuflokkun. Í II. kafla reglugerðar nr. 910/2014, um velferð hrossa, er fjallað um úttekt og eftirlit og segir þar í ákvæði 3. gr. að Matvælastofnun annist eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar og hafi eftirlit með að ákvæðum hennar sé fylgt. Í 4. gr. sbr. viðauka I sömu reglugerðar kemur fram að hestahald þar sem framkvæmd er blóðtaka úr hrossum til framleiðslu afurða sé tilkynningar- og úttektarskyld starfsemi. Yfirlit um eftirlit Matvælastofnunar með blóðtökubæjum árin 2017-2021 má sjá í töflu 3.

3.1 Eftirlit Matvælastofnunar

Tafla 3. Tíðni eftirlits og alvarlegra frávíka á blóðtökubæjum skv. gögnum Matvælastofnunar.

Ár	Fjöldi hryssna í blóðtöku	Fjöldi bóva	Eftirlitstíðni	Alvarleg frávik (bú)
2017	3669	72	20 - 40%*	2
2018	4116	84	20 - 40%*	2
2019	5036	98	52/ 53%	3
2020	5137	111	59/ 53%	1
2021	5383	119	59/ 50%	0

* Blóðtökubæir ekki aðgreindir í gagnagrunni eftirlits

Matvælastofnun gaf þann 27. apríl 2022 út skýrslu um „Eftirlit með velferð hryssna sem notaðar eru í blóðtöku til vinnslu afurða“.¹⁶ Þar er fjallað um eftirlit með starfseminni árið 2021 og þróun þess árin á undan.

Óbodað eftirlit er meginreglan í eftirliti Matvælastofnunar. Þetta þýðir að Matvælastofnun gerir ekki boð á undan sér þegar hún kemur í eftirlit til þess að fá sem besta mynd af þeirri starfsemi sem í hlut á. Eftirlit Matvælastofnunar með blóðmerum er tvíþætt:

a) Eftirlit með velferð, aðbúnaði og ástandi hrossa hjá umráðamönnum þeirra er framkvæmt samkvæmt skoðunarhandbók¹⁷ og gátlistum af starfsmönnum stofnunarinnar, með sama hætti og eftirlit með öðru hrossahaldi. Það tekur til hryssnanna sem notaðar eru til blóðtöku, folaldanna sem undir þeim ganga og eftir atvikum hrossa í uppeldi fyrir þessa starfsemi. Eftirlitið fer alla jafna fram að vetri eða snemma vors. Áhættumiðuð eftirlitsáætlun gerir ráð fyrir að hross á útgangi lúti eftirliti fimmta hvert ár auk þess sem öllum ábendingum er sinnt.

¹⁶ https://www.mast.is/static/files/skyrslur/efirlit-med-blodtokuhryssum-skyrsla-mast_loka.pdf

¹⁷ <https://umsokn.mast.is/onequalityweb/Displaydocument.aspx?itemid=276364210475856835491>

Þar sem um tilkynningaskylda starfsemi er að ræða er eftirlit á blóðtökubæjum í forgangi umfram annað hestahald. Viðkomandi bóndi/ábyrgðarmaður hestahalds er eftirlitsþegi.

b) Eftirlit með velferð hryssna við blóðtöku. Starfsemin er háð tilgreindum skilyrðum (skoðunaratriðum) sem Matvælastofnun setur¹⁸ í þeim tilgangi að tryggja velferð hryssnanna. Eftirlitsmaður stofnunarinnar er viðstaddur blóðtöku á að minnsta kosti 20% starfsstöðva á hverju ári og styðst við gátlista. Heilbrigði hryssnanna er megin eftirlitsþátturinn sem skoðaður er fyrir, á meðan og eftir að blóðtöku lýkur. Meðal þess sem litið er til er holdafar, atferli, holti, og áverkar. Þá er haft eftirlit með meðferð og líðan hryssnanna. Hryssurnar skulu hafa aðgang að góðu vatni og salti strax eftir að blóðtöku lýkur og áður en þær eru reknar til baka í gott beitarrhólf. Eftirlitsþegi er fyrirtækið Ísteka ehf.

Á undanförunum þremur árum hefur tíðni eftirlits verið umfram áætlun þar sem um eða yfir 50% starfsstöðva með blóðmerahald hafa fengið heimsókn eftirlitsaðila á ári hverju, annað hvort að vetri eða við sjálfa blóðtökuna að hausti. Alvarleg frávik við dýravelferð komu fram á þremur bæjum á því tímabili en auk þess á 5 bæjum á árunum 2017 og 2018. Í öllum tilfellum var um að ræða alvarleg frávik vegna fóðrunar og holdafars hryssna en á einni starfsstöð var einnig um að ræða vanfóðrun á folöldum og graðhestum sem notaðir voru í starfseminni. Ekki hafa sést merki um veikindi á hryssum eftir blóðtöku, a.m.k. ekki á þessari öld, sem bendir til þess að tíðni slíkra frávíka sé hverfandi. Samkvæmt þeim starfsskilyrðum sem áður er getið má Ísteka ekki stunda blóðtöku á bæjum þar sem alvarleg frávik hafa komið fram við dýravelferð og er starfseminni því sjálfhætt á þeim bæjum. Matvælastofnun gengur eftir að því sé fylgt. Auk þess hefur stofnunin krafist úrbóta á starfsstöðvum vegna vægari frávíka. Oftast hafa þá verið gerðar athugasemdir vegna fóðrunar/beitilands, slysaheytu, hófhirðu og aðbúnaðar folalda. Þá hefur á seinni árum verið gert átak í einstaklingsmerkingum og réttum skráningum á hryssum í blóðtöku og umráðamönnum þeirra í Worldfeng.

Matvælastofnun gerir enn fremur kröfu um innra eftirlit Ísteka með tilteknum velferðarþáttum og yfirfer þau gögn árlega.

3.2 Innra eftirlit Ísteka

Meðal skilyrða sem sett eru fyrir starfseminni er að annað hvert ár séu gerðar rannsóknir á blóðbúskap hjá hryssum í blóðtöku og hefur með tímanum safnast öflugur gagnagrunnur um þann þátt.

Tafla 4. Niðurstöður mælinga á blóðrauða fyrir og á meðan á blóðtöku stendur á árabílinu 2011-2021 ásamt upplýsingum um fjölda hryssna sem liggja að baki hverju meðalgildi (Heimild: Ísteka)

¹⁸ https://www.mast.is/static/files/skyrslur/efirlit-med-blodtokuhryssum-skyrsla-mast_loka.pdf (bls. 5-6).

Vikur í blóðtöku	2021 - g/dl haemoglobin	staðal frávik	sýna fjöldi	2019 - g/dl haemoglobin	staðal frávik	sýna fjöldi	2017 - g/dl haemoglobin	staðal frávik	sýna fjöldi	2014 - g/dl haemoglobin	staðal frávik	sýna fjöldi	2011 - g/dl haemoglobin	staðal frávik	sýna fjöldi
0	13,3	1,3	71	13,3	1,1	88	13,3	1,5	40	13,1	1,4	25	13,9	1,6	15
1	11,4	1,2	77	11,8	1,2	87	11,9	1,3	42	11,1	1,3	16	12,0	1,3	13
2	10,9	1,2	83	11,0	1,1	94	10,6	1,3	48	10,7	1,5	18	10,4	1,6	11
3	10,6	1,3	81	10,5	1,0	104	11,0	2,1	45	10,6	1,3	20	11,0	1,5	11
4	10,7	0,9	88	10,9	1,2	90	10,8	1,7	50	10,4	1,0	15	10,7	0,9	13
5	11,1	1,0	97	10,9	1,0	90	10,6	1,0	51	10,6	2,1	9	11,8	1,3	24
6	11,4	1,1	92	10,6	1,0	101	10,4	1,1	51	11,0	1,0	27	10,1	1,4	17
7	11,6	1,3	86	10,7	1,3	87	10,9	1,2	40	10,8	2,0	19	10,5	1,1	72
8	11,5	1,1	67	10,5	1,2	96	10,7	1,6	45	11,2	0,8	15	11,0	1,2	60

Úr þessum gögnum má lesa að blóðtökuhryssur eru við upphaf blóðtöku tímabilsins tiltölulega háar í blóðrauða (13,1 – 13,9 g/dL) en styrkur próteinsins lækkar við fyrstu 2-3 blóðtökurnar niður í 10,6 g/dL að meðaltali og helst nokkuð stöðugur eftir það. Viðmiðunargildi fyrir sambærilegan hóp eru ekki tiltæk en rannsókn frá 1984 á íslenskum hrossum úr ýmsum áttum leiddi í ljós mikinn breytileika þar sem meðaltalið var 12,55 g/dL¹⁹. Athugun á blóðgildum í 70 frískum reiðhestum sem haldnir voru á húsi víðsvegar um Ísland leiddi í ljós að meðalstyrkur hemóglóbíns var 11,9 g/dL í þeim hópi²⁰. Í sömu heimild kemur fram að viðmiðunargildi fyrir blóðrauða hjá hrossum almennt (öll hrossakyn) séu á bilinu 9,0 – 14,8 g/dL. Viðmiðunargildi hafa verið metin hjá íslenskum hestum í Þýskalandi annars vegar 10,4 – 12,7 g/dL²¹ og Austurríki hins vegar 10,2-14,2.²²


¹⁹ Guðný Eiríksdóttir, Þorsteinn Þorsteinsson og Eggert Gunnarsson. Mælingar á nokkrum þáttum í blóði hrossa. Dýralæknaritíð 1984, 1.tbl, bls 17-20.

²⁰ Sveinn Ólason. Blóðværdier hos íslandske rideheste. Hæmatologiske og biokemiske normalværdier hos íslandske rideheste. Hovedopgave til godkendelse som fagdyrlæge vedr. sygdomme hos heste. Dansk Dyrlægeforening, februar 2010

²¹ Seiser, M., Strasser, A., Hofbauer, B. Der Einfluss von Alter und Geschlecht auf diagnostisch wesentliche Blutparameter bei Islandpferden. Tierärztl. Prax. 2001; 29 (G), p. 324-331.

²² Leidinger E.F., Leidinger J., Figl J., Rumpler B. and Schwendenwein I. Application of the ASVCP guidelines for the establishment of haematologic and biochemical reference intervals in Icelandic horses in Austria. Acta Veterinaria Scandinavica (2015) 57:30.

Mynd 2. Hemoglobin mælingar og endurheimtargildi 2011-2021 skv. rannsóknum Ísteka²³



Hemoglobingildi blóðgjafahryssa 2011-2021 (dökkblá lína). Endurheimtarlinur sýna hvernig blóðgildi hækka aftur þegar blóðtökum er hætt eftir 4, 6 og 8 skipti (gögn frá 2011). Meðalgildi fyrir íslenska hrossastofninn (X) og min/max gildi eru úr grein Eiríksdóttur o.fl. 1984, Dýralæknatímaritið 3, 17-20.

Gögnin benda til þess að það taki hryssurnar um tvær vikur að bregðast við blóðtapinu með aukinni blóðmyndun enda er bæði vatn og gras mjög járnríkt hér á landi. Lægstu meðalgildin sem fram koma á blóðtökutímabilinu eru innan viðmiðunarmarka sem gefin eru upp fyrir hross almennt og heilbrigð íslensk hross.

3.3 Eigið eftirlit umráðamanna og Ísteka með heilbrigði hryssna á blóðtökutímabilinu

- Eigið eftirlit umráðamanna hryssnanna: Litið eftir almennu heilbrigði bæði hryssna og folaldanna sem undir þeim ganga, í beitarhólfum og við rekstur og rag í rétt, fyrir og eftir blóðtöku. Bændur skuldbinda sig til að tilkynna Ísteka um veikindi á blóðtökuhryssum og afföll og greiðir fyrirtækið bændum fyrir hryssur sem þeir missa á blóðtökutímabilinu til að hvetja til þess að upplýsingarnar berist.
- Eftirlit dýralækna sem framkvæma blóðtökuna: Fyrir og eftir hverja einustu blóðtöku leggur dýralæknirinn sem hana framkvæmir, mat á holdafar og heilbrigði hverrar hryssu fyrir sig og hvort hún sé hæf til blóðtöku. Ef upp koma veikindi eða slysfarir bregst dýrlæknirinn við með greiningu og meðhöndlun eftir því sem við á. Í því getur falist að

²³ <https://isteka.is/wp-content/uploads/2022/01/2011-2021-linurit.pdf>

aflífa illa slösuð dýr. Dýralæknar sem framkvæma blóðtöku eru verktakar hjá Ísteka samkvæmt samningi.

- Eftirlit Ísteka ehf: Undanfarin ár hefur Ísteka haft á að skipa dýralækni í starfi sem dýravelferðarfulltúa fyrirtækisins. Hann fer á milli starfsstöðva og skoðar verklag bæði umráðamanna hryssnanna og dýralæknanna sem taka blóðið. Þá leggur dýravelferðarfulltrúinn sjálfstætt mat á heilbrigði hryssnanna í skoðunarferðum sínum.
- Óháð ytra eftirlit Matvælastofnunar: Heilbrigði hryssnanna er megin eftirlitsþátturinn sem skoðaður er í öllu ferlinu eins og áður er lýst. Matvælastofnun fer auk þess fram á að Ísteka skili stofnuninni skráningu á afföllum hryssna í blóðtöku á blóðtökutímabilinu. Samkvæmt skýrslum frá Ísteka hafa afföllin verið um eða innan við 0,1% ár hvert og er það í samræmi við eftirlitsniðurstöður stofnunarinnar. Flest afföllin eru rakin til slysa en af þeim sökum hefur þurft að aflífa 1-2 hryssur árlega á blóðtökutímabilinu. Nánar er gerð grein fyrir þessu í eftirlitsskýrslu MAST frá því í apríl 2022 (bls. 3-4)²⁴
- Eftirlit kaupenda afurðarinnar: Erlendir eftirlitsaðilar koma flest ár fyrir hönd kaupenda afurðarinnar sem vilja tryggja að framleiðsla hennar standist kröfur um dýravelferð. Einn þeirra er Prófessor Xavier Manteca Vilanova, fyrsti höfundur greinarinnar „Recommendations for Ensuring Good Welfare of Horses Used for Industrial Blood Serum, or Urine Production“.²⁵ Hann sagði orðrétt á fundi með starfshópnum: „No major animal welfare issues are seen in connection with the eCG production in Iceland. Body condition excellent, health very good, human-animal relation extremely friendly. Horses don't lie.“

Samhljóða niðurstöður úr öllu þessi eftirliti staðfesta gott heilsufar blóðtökuhryssna þar sem tíðni framleiðslusjúkdóma er hverfandi. Auk þess er staða smitsjúkdóma einstök í íslenska hrossastofninum þar sem alvarlegustu hrossasjúkdómarnir sem þekktir eru á heimsvísu hafa aldrei borist til landsins.

²⁴ https://www.mast.is/static/files/skyrslur/efirlit-med-blodtokuhryssum-skyrsla-mast_loka.pdf

²⁵ Manteca Vilanova, X., Beaver, B., Uldahl, M., & Turner, P. V. (2021). Recommendations for Ensuring Good Welfare of Horses Used for Industrial Blood Serum, or Urine Production. *Animals : an open access journal from MDPI*, 11(5), 1466. <https://doi.org/10.3390/ani11051466>.

4 Löggjöf

Ekki eru ákvæði í lögum um velferð dýra né í afleiddum reglugerðum sem banna blóðtöku úr fylfullum hryssum til afurðanýtingar, þá er ekki heldur kveðið á um að starfsemin sé leyfisskyld. Ekkert búfjárhald er leyfisskyld á grundvelli laga um velferð dýra, en sumt er það á grundvelli annarra laga, s.s. svína-, alifugla-, og loðdýrarækt, og þá er t.a.m. mjólkurframleiðsla og kjötf framleiðsla, önnur en framleiðsla kinda- og hrossakjöts, leyfisskyld á grundvelli laga nr. 93/1995, um matvæli. Blóðtaka úr fylfullum hryssum er ekki bönnuð með lögum er varða dýravelferð (eða dýravernd) innan Evrópusambandsins en hún er heldur ekki stunduð að neinu ráði innan þess svæðis.²⁶

Blóðtaka úr fylfullum hryssum verður seint flokkuð til hefðbundins landbúnaðar en raunhæft er að tala um hliðargrein við aðrar búgreinar sem á síðustu árum hefur þróast í sjálfstæða búgrein. Svo að unnt væri að hafa eftirlit með þessari starfsemi var hún felld undir reglugerð um nr. 279/2002, um tilraunadýr. Þeirri framkvæmd var hætt við gildistöku nýrra reglna þar um og því eru lagareglur um starfsemi þessa af skornum skammti. Þær réttarreglur sem koma þó til skoðunar eru lög nr. 55/2013, um velferð dýra, enda er það ótvírætt að lögin gilda um fylfullar hryssur sbr. 2. gr. laganna, lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, reglugerð nr. 910/2014, um velferð hrossa og að lokum reglugerð nr. 460/2017, um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni en sú reglugerð var sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB um sama efni.

4.1 Breytingar á löggjöf og leyfum sem veittar voru á grundvelli reglugerðar nr. 279/2002.

Á árunum 2002-2020 veitti Matvælastofnun Ísteka leyfi til starfseminnar á grundvelli þágildandi reglugerðar nr. 279/2002, um dýratilraunir en sú reglugerð var sett með hliðsjón af tilskipun 86/609/EBE um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni. Starfsemin var felld undir þá reglugerð á grundvelli ákvæðis 4. gr. sem var svohljóðandi:

Óheimilt er að nota lifandi dýr við kennslu, tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun efna eða lyfja og við sjúkdómsgreiningu nema með sérstöku leyfi tilraunadýranefndar ef slíkri notkun fylgir álag eða þjáning fyrir dýrið.

Framangreind leyfi voru veitt á grundvelli 8. gr. reglugerðarinnar til fjögurra ára í senn og voru háð ýmsum skilyrðum sem Matvælastofnun setti í þeim tilgangi að tryggja velferð hryssna við blóðtöku.²⁷ Við setningu laga nr. 55/2013, um velferð dýra, var tilraunadýranefnd lögð niður. Reglugerð nr. 279/2002, um dýratilraunir, var felld brott við gildistöku reglugerðar nr. 460/2017, um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni sem sett var til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni. Þegar

²⁶ Yfirlit frá rannsóknarþjónustu Alþingis í viðauka 3.

²⁷ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/152/152-569.pdf>

lög nr. 55/2013, um velferð dýra, voru sett, var litið svo á að blóðtakan væri leyfisskyld út frá ákvæðum 20. gr. laganna. Tilskipun 2010/63/ESB var innleidd í íslenskan rétt rúmum þremur árum síðar og þá eða einhverju síðar virðist sem að litið hafi verið svo á að grundvöllur fyrir leyfisskyldu umræddrar starfsemi hafi fallið brott þar sem ekki var að finna sambærilegt ákvæði og var í 4. gr. reglugerðar nr. 279/2002, um dýratilraunir, þar sem beinlínis var kveðið á um sérstakt leyfi tilraunadýrnefndar. Við framangreindar breytingar skapaðist ákveðin réttaróvissa sem ekki hefur verið leyst úr.

4.2 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni

Þrátt fyrir framangreint verður ekki hjá því komist að velta því upp hvort blóðtaka falli undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni. Matvælastofnun hefur litið svo á að starfsemi um blóðtöku félli ekki undir hana eða öllu heldur þá reglugerð sem sett var henni til innleiðingar þar sem ekki er fyrir að fara sambærilegu ákvæði og var í 4. gr. reglugerðar nr. 279/2002 og leyfi til Ísteka var veitt á þess grundvelli.

Því til skýringar má nefna að ákveðin áherslubreyting verður á markmiðsákvæðum reglugerðanna. Í 1. gr. eldri reglugerðar segir að markmið hennar sé að tryggja velferð dýra sem notuð eru í tilrauna- eða vísindaskyni eða alin í þeim tilgangi. Í 1. gr. nýju reglugerðarinnar segir hins vegar að tilgangur hennar sé að stuðla að takmörkun á notkun dýra í vísinda- og menntunarskyni, stuðla að velferð og virðingu fyrir dýrum sem notuð eru í slíkum tilgangi, og tryggja að þau séu ekki látin sæta óþarfa álagi. Af þessu leiðir að skýrara er að reglugerðin taki einungis til dýra sem notuð eru í vísinda- og menntunarskyni.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar skal hún gilda þar sem dýr eru notuð eða ætluð til notkunar í tilraunum eða þegar þau eru ræktuð sérstaklega til þess að nota megi líffæri þeirra eða vefi þeirra í vísindaskyni. Tilraunir eru skilgreindar í 1. mgr. 3. gr. með eftirfarandi hætti:

„tilraun“: notkun á dýri, hvort sem hún er ífarandi eða ekki, í tilraunaskyni eða í öðrum vísindalegum tilgangi, þar sem niðurstaðan er þekkt eða óþekkt, eða í menntunarskyni, sem kann að valda dýrinu sársauka, þjáningu hræðslu eða varanlegum skaða sem jafngildir eða er meiri en það sem skapast af nálarstungu í samræmi við góðar starfsvenjur í dýralækningum.

Það kann að einhverju leyti að orka tvímælis hvort blóðtaka á fylfullum hryssum hér á landi geti fallið undir tilraunir eins og þær eru skilgreindar í ákvæði 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB. Ekki er um tilraunir að ræða í venjulegum skilningi þess orðs en hafa ber í huga að orðið „tilraun“ í íslenskri útgáfu tilskipunarinnar er þýðing á orðinu „*procedure*“. Hið enska orð hefur rýmri merkingu en hið íslenska og nær yfir t.d. aðferð, verklag eða viðtekna starfshætti. Íslenska orðið tilraun er mun þrengra að þessu leyti og er skilgreining þess svohljóðandi: 1) það að reyna og 2) liður í rannsóknarstarfi.²⁸ Í tilskipun 86/609/EBE var notað orðið „*experiment*“ sem er meira í líkingu við orðið tilraun en það skal ósagt látið hvort það sé ástæða þess að í íslenskri þýðingu sé stuðst við það orð sem gert er.

²⁸ Íslensk orðabók, bls. 1584.

Þá verður einnig að skoða hvort blóðtakan sé gerð í tilraunaskyni eða í öðrum vísindalegum tilgangi og er í 5. gr. tilskipunarinnar kveðið á um tilgang tilrauna (e. *purposes of procedures*). Þar segir að einungis má gera tilraunir í eftirfarandi tilgangi:

- a) grunnrannsóknir,
- b) yfirfærðar eða hagnýtar rannsóknir með eitthvað af eftirfarandi að markmiði:
 - i. til að forðast, koma í veg fyrir, greina eða meðhöndla sjúkdóma, vanheilsu eða önnur frábrigði eða áhrif þessa í mönnum, dýrum eða plöntum,
 - ii. mat, greiningu, stjórnun eða breytingu á lífeðlisfræðilegu ástandi í mönnum, dýrum eða plöntum eða
 - iii. velferð dýra og umbætur á framleiðsluskilyrðum fyrir dýr sem eru alin til notkun í landbúnaði,
- c) í hverjum þeim tilgangi sem er talinn upp í b-lið, til þróunar, framleiðslu eða prófunar á gæðum, skilvirkni og öryggi lyfja, matvæla og fóðurs og annarra efna eða afurða,[].

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja um blóðtöku úr fylfullum merum og söfnun blóðs þeirra sem hér er til umfjöllunar verður ekki séð að tilgangurinn með hvorri athöfninni fyrir sig hafi nokkurn tilgang í þágu grunnrannsókna. Blóðinu er safnað í þeim tilgangi að vinna úr því lyfjavirkt efni sem svo er selt til frekari framleiðslu lyfja. Fljótt á titið virðist því mega fella starfsemina undir c)- sbr. b)-lið 5. gr. tilskipunarinnar þar sem um er að ræða blóðtöku og söfnun blóðs til að einangra hormónið PMSG (framleiðsla á efnum eða afurðum) til stjórnunar eða breytingar á lífeðlisfræðilegu ástandi í dýrum. Forsendan fyrir þessari túlkun er þó að „tilraunin“ (e. procedure) sé í vísindalegum tilgangi sem á ekki við í tilviki þeirrar starfsemi sem Ísteka stundar. Tilgangurinn er ekki þróun, framleiðsla eða prófun á gæðum, skilvirkni og öryggi neins þeirra þátta sem upp eru talin í c)-lið. Ef að um væri að ræða blóðtöku og söfnun sem væri til þróunar, framleiðslu eða prófunar á gæðum, skilvirkni og öryggi lyfja eða annarra efna, þá myndi starfsemin óhjákvæmilega falla undir ákvæði tilskipunarinnar og reglugerðar nr. 460/2017.

4.3 Lög um velferð dýra

Það vekur athygli að í frumvarpi til laga um velferð dýra var upphaflega að finna sérstakan kafla um leyfi og eftirlit. Ákvæði 11. gr. fjallaði um leyfisskyldu og var svohljóðandi:²⁹

„Leyfi Matvælastofnunar þarf fyrir dýrahaldi og starfsemi sem tilgreind er í viðauka. Ráðherra er enn fremur heimilt í reglugerð að kveða á um annað dýrahald og önnur sambærileg starfsemi og tilgreind er í viðauka sé leyfisskyld. Óheimilt er að hefja leyfisskylda starfsemi áður en leyfi hefur verið veitt.

Leyfi er bundið við leyfishafa og er ekki framseljanlegt. Leyfið byggist á úttekt húsakosts, búnaðar og þekkingar, sbr. 9. gr. og 28.-31. gr. Heimilt er að skilyrða eða hafna útgáfu leyfis hafi umsækjandi hlotið dóm vegna brots á lögum þessum.

Leyfishafa ber að veita Matvælastofnun, með hæfilegum fyrirvara, upplýsingar um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á starfsemi sem varðað geta skilyrði leyfis. Matvælastofnun er heimilt að endurskoða

²⁹ <https://www.althingi.is/altext/141/s/0316.html>

leyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstri vegna tækniþróunar eða breytingar á reglum varðandi velferð dýra eða framkvæmd eftirlits.

Matvælastofnun skal sjá til þess að listi yfir útgefin leyfi sem eru í gildi sé birtur eða aðgengilegur hjá stofnuninni.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um leyfisveitingar, meðal annars að leyfi megi binda þeim skilyrðum sem þykja nauðsynleg til að tryggja góða meðferð dýra, svo sem aðbúnað þeirra, fjölda, umhirðu, innra eftirlit og opinbert eftirlit með starfsemi. Heimilt er að binda leyfi mismunandi skilyrðum eftir flokkun og tegund starfsemi, svo sem um menntun og hæfni.

Í reglugerð skal enn fremur kveðið á um tímalengd leyfa og er heimilt að kveða á um að leyfi skuli vera ótímabundin.“

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í viðauka sem vísað er til í ákvæðinu eru í 1. tölulið taldar upp tegundir dýra og lágmarksfjöldi þeirra sem falla skyldi undir ákvæði 11. gr. Hross voru á meðal þeirra tegunda sem áttu að falla undir ákvæðið og var miðað við að leyfi þyrfti fyrir 11 hrossum eða fleiri. Í 2. tölulið var talin upp starfsemi sem átti að vera leyfisskyld: dýraspítalar, endurhæfingarstöðvar, þjálfunarstöðvar, sýningar- og keppnishúsnaði, dýragarðar, dýragæslur þar sem dýrafjöldi er umfram það sem tilgreint er í 1. tölulið, hestaleigur og að lokum önnur sambærileg starfsemi sem er tilgreind í reglugerð. Í meðförum þingsins var ákvæðið auk viðauka eins og það hljóðar felld brott og er í lögum um velferð dýra ekki fjallað um leyfisskyldu undir kaflanum um leyfi og eftirlit heldur er þar nú að finna ákvæði um annars vegar úttekt og hins vegar eftirlit. Þrátt fyrir að þarna sé ekki talin upp starfsemi sem tengist blóðtöku á fylfullum hryssum má sjá fyrir sér að slíka starfsemi hefði mátt fella undir ákvæði 11. gr. sbr. viðaukann við lög.

Eins og fram hefur komið var við setningu laga nr. 55/2013, um velferð dýra, litið svo á að blóðtaka úr fylfullum hryssum félli undir ákvæði 20. gr. laganna. Það ákvæði nær til ýmissa athafna og er ekki bundið við vísindalegan tilgang líkt og ákvæði framangreindrar tilskipunar og reglugerðar nr. 460/2017. Af ákvæði þessu leiðir að óheimilt er að nota lifandi dýr við framleiðslu efna og lyfja, nema að fengnu sérstöku leyfi Matvælastofnunar. Samkvæmt þessu er ljóst að Matvælastofnun hefur heimild til þess að binda blóðtöku úr fylfullum hryssum við sérstakt leyfi. Eðlilegt væri og mögulega nauðsynlegt að um slíka starfsemi gildi sérstök reglugerð sem setja má samkvæmt heimild sem er að finna í 46. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra.

Í 16. gr. laga nr. 55/2013, um dýravelferð, er fjallað um aðgerðir og meðhöndlun. Greinin fjallar um það í hvaða tilvikum heimilt er að framkvæma hvers konar aðgerðir á dýrum og á hvaða hátt. Þá er í greininni jafnframt fjallað um hvaða aðilum er heimilt að framkvæma skurðaðgerðir og aðrar lækniáðgerðir á dýrum og meðhöndla þau að öðru leyti. Tilgangur ákvæðisins er að tryggja að dýr hljóti rétta sjúkdómsgreiningu og meðhöndlun og aðgerðir og meðhöndlun þeirra valdi þeim ekki vanlíðan eða þjáningu. Í 3. gr. laganna er svo að finna nánari skilgreiningar á hugtökunum skurðaðgerð, lækniáðgerð og meðhöndlun. Samkvæmt 4. t. 3. gr. er lækniáðgerð skilgreind sem aðgerð eða meðhöndlun að undangenginni sjúkdómsgreiningu dýralæknis, þ.m.t. gelding án rofs á húð. Blóðtaka verður ekki skilgreind sem lækniáðgerð af þeirri ástæðu að hún er ekki framkvæmd á grundvelli sjúkdómsgreiningar. Blóðtaka getur

heldur ekki talist til skurðaðgerðar sem skv. skilgreiningu 6. tl. 3. gr. er aðgerð sem felur í sér rof á húð eða slímhúð, þó ekki með nálum. Í 5. tl. er meðhöndlun skilgreind sem aðgerð, önnur en lækni- eða skurðaðgerð, þar sem gripið er inn í líkama eða atferli dýra, svo sem fæðingarhjálp, klaufhirða, járningar, rúning, snyrting. Þessi skilgreining er ekki tæmandi og því ljóst að heimfæra má blóðtöku undir hana.

Í 4. mgr. 16. gr. segir að dýralæknum einum sé heimilt að meðhöndla og framkvæma skurð- og lækniáðgerðir á dýrum. Að þeim undanskildum eru taldar upp þær aðgerðir sem aðrir en dýralæknar mega framkvæma á dýrum, hafi þeir fengið til þess leyfi skv. lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Í ákvæðinu er tæmandi talning á þeim aðgerðum sem öðrum en dýralæknum er heimilt að framkvæma, þ.e. a) lækniáðgerðir, skv. tilvísun frá dýralækni, b) sæðingar sauðfjár, geitfjár, nautgripa, svína, refa, kalkúna, hæna og kanína, c) fangskoðanir nautgripa, d) klippingu á hala grísa og e) örmerkingar. Í 5. gr. er svo fjallað um það sem öllum er heimilt að framkvæma, þ.e. a) lyfjameðhöndlun skv. fyrirmælum frá dýralækni, b) meðhöndlun sem veldur hvorki sársauka né vanlíðan og c) merkingar og eyrnamörkun, aðrar en örmerkingar. Samkvæmt framansögðu þá þykja lög nr. 55/2013, um velferð dýra, fremur skýr hvað varðar heimildir manna til inngrípa í líf, heilsu, heilbrigði og atferli dýra, þó ekki sé minnst sérstaklega á blóðtöku úr fylfullum hryssum.

4. 4 Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim

Þá er rétt að benda á að sé litið á blóðið sem aukaafurð dýra sem ekki er ætluð til mannelis þá gilda um slíka starfsemi ákvæði 13. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Þar segir að þeir sem meðhöndla, geyma, flytja eða vinna aukaafurðir sem ekki teljast til úrgangs skulu sækja um leyfi Matvælastofnunar áður en starfsemi hefst. Það leiðir jafnframt af 3. mgr. 29. gr. laga nr. 55/2013, að við útgáfu leyfa sem veitt eru á grundvelli annarra laga fyrir athöfnum sem geta haft neikvæð áhrif á líðan eða að öðru leyti á velferð dýra, skal taka tillit til sjónarmiða um velferð dýra í samræmi við ákvæði laganna.

4.5 Reglugerð nr. 910/2014, um velferð hrossa

Reglugerð nr. 910/2014 fjallar um velferð hrossa og er sett með stoð í lögum nr. 55/2013, um velferð dýra. Í 1. gr. reglugerðarinnar segir að tilgangur hennar sé að tryggja velferð og heilbrigði hrossa með góðri meðferð, umsjá og aðbúnaði. Leitast skal við að hross geti lifað í samræmi við sitt eigið atferli eins og framast er kostur. Þá segir jafnframt að í reglugerðinni komi fram lágmarkskröfur um einstök atriði. Líkt og fram hefur komið er blóðtaka úr fylfullum hryssum ekki bönnuð í íslenskri löggjöf en ákvæði um blóðtöku úr fylfullum hryssum er að finna í 4. gr. reglugerðar um velferð hrossa sbr. 1. viðauka sömu reglugerðar. Þar er umráðamanni hrossahalds eða fyrirsvarsmanni starfsemi „þar sem framkvæmd er blóðtaka úr hrossum til framleiðslu afurða“ gert að tilkynna slíkt til Matvælastofnunar. Samkvæmt framansögðu er ljóst að stjórnvöld hafa gert ráð fyrir þessari starfsemi enda hefur blóðtaka úr fylfullum hryssum verið stunduð á Íslandi um árabíl.

Að öllu þessu virtu verður að benda á þann veikleika hversu fátæklegar íslenskar réttarreglur eru um blóðtöku úr fylfullum hryssum. Til samanburðar má nefna sérstök ákvæði um tamningar, þjálfun, keppni og sýningar í reglugerð um velferð hrossa nr. 910/2014, sbr. 9. gr. reglugerðarinnar.

Ef vilji er til þess að leyfa þessa starfsemi áfram þykir ljóst að útfæra þarf annað hvort í reglugerð nr. 910/2014 eða sjálfstæðri reglugerð á grundvelli laga nr. 55/2013, um velferð dýra, nánari skilyrði sem gilda skulu um blóðtökuna og væri þá hægt að byggja á þeim skilyrðum sem Matvælastofnun hefur sett hingað til.

5 Sjónarmið hagaðila

Eins og fram kemur að ofan var starfshópnum m.a. ætlað að funda með hagaðilum. Orðið var við öllum beiðnum um fundi sem bárust hópnum frá slíkum aðilum og öðrum þeim sem sýndu málinu áhuga, auk þess sem hann óskaði sjálfur eftir fundum með nokkrum til viðbótar. Hér að neðan er gerð grein fyrir þeim sem fundað var með og helstu viðhorfum sem þar komu fram. Þess skal getið að í mörgum tilvikum vísuðu þeir sem ræddu við hópinn til umsagna³⁰ sem skilað var af þeirra hálfu við frumvarp Ingu Sæland um breytingar á lögum um velferð dýra sem er til meðferðar á Alþingi og felur í sér bann við blóðmerahaldi. Umræður á fundum með starfshópnum byggðust í meginatriðum á því að farið var yfir umsagnirnar, rökin að baki þeim og þær ræddar ásamt því að hagaðilar svörðu spurningum fulltrúa í starfshópnum. Allir fundirnir fóru fram á Teams.

5.1 Animal Welfare Foundation (AWF) – Fundur 8. mars 2022

Á fundinn voru mætt York Ditfurth formaður samtakanna og Sabrina Gurtner verkefnisstjóri

AWF samtökin framleiddu og birtu myndbandið „Iceland: Land of the 5.000 blood mares“ sem segja má að hafi verið kveikjan að umræðu um blóðmerahaldið og í framhaldinu skipan starfshópsins. Starfshópurinn fékk í hendur skýrslu samtakanna um rannsóknina sem myndin byggir á auk annarra gagna meðal annars yfirlit um fjölmiðlaumfjöllun um um blóðmerahaldið hér heima og erlendis í kjölfar útgáfu myndbandsins.

Samtökin hafa lengi barist gegn framleiðslu, notkun og innflutningi eCG/PMSG hormónsins í Evrópu. Þau telja starfsemina hérlandis ólöglega skv. EES reglum. Að þeirra mati fellur blóðmerahald undir tilskipun ESB nr. 2010/63 um dýratilraunir sem tekin hefur verið upp í EES samninginn og starfsemin uppfylli ekki skilyrði sem þar eru sett. Íslensk stjórnvöld hafa ekki talið að starfsemin falli undir framangreindar reglur, en önnur dýraverndarsamtök, Eurogroup for animals, hafa lagt fram kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)³¹ vegna þess sem er þar til meðferðar. Samtök um dýravelferð á Íslandi sem starfshópurinn fundaði einnig með, standa einnig að þeirri kvörtun. AWF telja jafnframt að starfsemin brjóti í bága við íslensk lög um velferð dýra nr. 55/2013 og reglugerð um velferð hrossa nr. 910/2014, magn blóðs sem tekið er úr hryssunum sé of mikið með tilliti til heildarblóðmagns, eftirlit sé ekki nægilegt og framleiðsla eCG/PMSG sé almennt ekki réttlæt看leg í ljósi þess að það sé notað til að misbjóða búfénaði í þaueldi. Þau benda einnig á að Evrópuþingið hafi kallað eftir banni á framleiðslu og innflutningi eCG/PMSG sem og að á markaði séu lyf sem hafi svipaða virkni og eCG/PMSG, en séu framleidd úr gerviefnum. Nánari röksemdafærslu má lesa í umsögn samtakanna til Alþingis³²

³⁰ <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/erindi/?ltg=152&mmr=15>

³¹ <https://www.frettabladid.is/frettir/kvarta-til-esa-vegna-blodmerahalds-a-islandi/>

³² <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-465.pdf>

5.2 Dýralæknafélag Íslands (DÍ) – 22. febrúar 2022

Á fundinn mættu þær Bára Eyfjörð Heimisdóttir formaður félagsins og Charlotta Oddsdóttir fv. formaður.

DÍ fagnar þeirri umræðu sem orðið hafi um velferð hryssa sem tekið er úr blóð til framleiðslu á PMSG, en benda jafnframt á að henni hafi fylgt margvíslegar rangfærslur. Félagið leggur áherslu á að það fari fram greining byggð á staðreyndum og vísindalegum rökum þegar tekin verður ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag blóðmerahalds. Skoða þurfi alla þá fimm þætti sem alþjóðlega viðurkennt mat á dýravelferð byggir á það er svið næringar, umhverfis, líkamlegs heilbrigðis, atferlis og samskipta auk andlegs ástands. Í umsögn félagsins til Alþingis³³ eru gerðar tillögur um þau viðbótargögn sem afla þurfi með rannsóknum til að leggja mat á starfsemina. Þar er meðal annars lagt til að gerð sé óháð rannsókn á blóðhag og blóðefnastöðu hryssnanna, samanburðarrannsókn á streitubáttum hryssnahópa sem haldnir eru á svipaðan hátt, sem annars vegar er tekið úr blóð og hins vegar ekki. Þá þurfi að leggja frekara mat á ýmis ytri skilyrði svo sem eins og stærð hópa og skipulag blóðtökunnar í heild. Eðlilegt sé að blóðmerahald sé leyfisskylt og að hver og ein hryssa sé framtamin. Á heildina litið séu ýmsir þættir í starfseminni sem uppfylla kröfur um velferð dýra en ekki sé nægilega mikið vitað um áhrif blóðtökunnar á líkamlega þætti hjá hryssunum og úr því þurfi að bæta. Skoða þurfi sérstaklega hlutverk dýralækna við blóðtökuna þannig að hún sé ekki of umfangsmikil fyrir einn dýralækni. Félagið lagði áherslu á að fá breiðan hóp dýralækna að gerð umsagnarinnar, bæði þá sem eru sérmenntaðir í heilbrigði hrossa og aðra sem ekki tengjast hrossarækt.

5.3 Dýraverndarsamband Íslands (DÍS) – 1. mars 2022

Á fundinn var mætt Hallgerður Hauksdóttir formaður.

DÍS gerir skýlausa kröfu um að enginn vafi verði á að velferð hryssa í blóðtöku sé ekki ógnað og fara verði fram óháð og rýnd rannsókn á henni strax við næstu blóðtöku. Rannsóknin þurfi að taka til atferlis og framgangs hryssnanna og folalda þeirra en ekki aðeins blóðgilda. Verði niðurstaðan að velferðinni sé ógnað verði starfsemin bönnuð. Hryssur sem fari í blóðtöku séu í það minnsta bandvanar til að þær geti farið í tökubása án verulegs ótta eða streitu. Óháð eftirlit þurfi að vera til staðar og taka þurfi upp blóðtökuna hverju sinni og yrðu upptökur aðgengilegar eftirlitsaðilum. Verði niðurstaðan að leyfa blóðmerahald áfram þurfi það að lúta ítarlegum reglum. Samtökin telja að almenn velferð hryssanna sé góð (sé horft framhjá nýtingunni) í ljósi þess að þær ganga frjálssar úti í náttúrulegu umhverfi. Nánari röksemdafærslu má lesa í umsögn samtakanna til Alþingis³⁴

5.4 Eggert Gunnarsson, dýralæknir – 19. apríl 2022.

Eggert gaf starfshópnum sögulegt yfirlit um upphaf starfseminnar. Danska lyfjafyrirtækið “Lövens kjemiske fabrikk” hafði unnið frjósemislyf úr merarblóði allt frá árinu 1930 og leitaði eftir hráefni frá Íslandi til vinnslunnar. Frumkvöðull hér á landi var Einar Birnir, eigandi lyfjainnflutningsfyrirtækisins G. Ólafsson hf. Hann leitaði til Tilraunastöðvarinnar á Keldum

³³ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/152/152-499.pdf>

³⁴ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/152/152-591.pdf>

eftir aðstoð árið 1979 enda þá þegar umtalsverð reynsla af blóðtöku úr hrossum þar. Umfangsmikil framleiðsla á sermi með mótefnum gegn sauðfjársjúkdómum (lambasermi) var stunduð á Keldum þar sem hross voru notuð til framleiðslunnar (veikluðum sýkli var sprautað í hrossin sem mynda mótefni sem síðan er unnið úr blóði hrossanna). Landbúnaðarráðuneytið beindi þeim tilmælum til stofnunarinnar að leggja verkefninu lið og Eggert fékk það hlutverk.

Haustið 1979 var blóð tekið út 80 – 90 fylfullum hryssum í Skagafirði. Út frá reynslunni af sermisframleiðslunni á Keldum, var talið óhætt að taka 5 lítra af blóði úr hverri hryssu vikulega í allt að 5 vikur. Blóðið var skilið á Keldum og fryst. Blóðvökvinn (plasmað) var sendur óunninn til vinnslu í Danmörku. Fljótlega kom upp áhugi á að vinna eCG/PMSG úr hér á landi og var leitað til Lífefnafræðistofu Læknadeildar Háskóla Íslands um þróun aðferða til þess. Gunnar Bjarnason, þáverandi hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands, var mikill hvatamaður að blóðmerabúskap sem stuðningsgrein við reiðhestaræktunina. Rannísstyrkur fékkst til þess að þróa aðferðir til fullvinnslu hormónsins úr blóðinu og G. Ólafsson byggði upp verksmiðju í Reykjavík. Næsta ár, 1980, var blóð tekið úr hryssum í Landeyjum, en þar voru þá víða stór hrossastóð ætluð til kjötframleiðslu. Fyrirtækið G. Ólafsson sá um blóðtökuna og framleiddi eCG/PMSG í um áratug, en þá varð fyrirtækið gjaldþrota. Þróunarfélag Íslands tók þá við rekstrinum um tíma. Hörður Kristjánsson keypti síðar reksturinn og stofnaði fyrirtækið Ísteka ehf árið 2000. Eggert kom að blóðtökunni fyrsta áratuginn, samhliða störfum sínum á Keldum en eftir að fyrirtækið G. Ólafsson hafði náð fótfestu, hættu afskipti Keldna af verkefninu að mestu. Eftir að Eggert lét af störfum á Keldum vegna aldurs kom hann aftur að málum. Hann starfaði við blóðtökuna um 5 ára skeið og síðar sem dýravelferðarfulltrúi Ísteka. Hann hefur nú hætt öllum afskiptum af starfseminni.

Margt breyttist á tímabilinu. Í byrjun voru 25 – 30 hryssur í hverjum blóðtökuhópi. Blóðtakan gekk áður fyrr fremur hægt sem leiddi til þess að hryssurnar stóðu of lengi í réttinni og kom fyrir að hryssur klumsuðu (sem er efnaskiptasjúkdómur). Nú hefur blóðtökubásur á hverri starfsstöð verið fjölgað og blóðtakan gengur mjög hratt fyrir sig, nánast í akkorði, sem getur skapað áskoranir varðandi dýravelferð. Þrátt fyrir að hryssum hafi fjölgað mikið þurfa þær þó ekki að standa lengi í réttinni, sjaldnast meira en 2-3 klst, sem er jákvætt. Mikil áhersla er líka lögð á aðgang að drykkjarvatni eftir blóðtöku. Klums eftir hana sést því ekki lengur.

Mat Eggerts er að í dag sé vel staðið að blóðtökunni, aðstaða hafi almennt batnað og vel hugað að því að hryssurnar hafi strax aðgang að góðu drykkjarvatni og saltsteini. Myndband AWF gefi ekki rétta mynd af blóðtökunni eins og hún er stunduð hér á landi. Meðal annars séu sýndir blóðtökubásar sem voru aflagðir fyrir að minnsta kosti þremur árum. Alls eru framkvæmdar 25-30 þúsund blóðtökur á ári hverju og óhjákvæmilegt að það komi upp einhver óvænt og ófyrirséð atvik. Engu að síður bendir myndbandið til þess að það skorti á rétt viðbrögð við slíkum atvikum. Það þurfi að vera aðstoðarmaður við hvern blóðtökubás til að bregðast við því. Að mati Eggerts venjast hryssurnar blóðtökunni fljótt og temjast þannig í verkefnið á 1-3 skiptum, nema einstaka merar, sem á að sleppa úr þessu verkefni.

Ending hryssnanna sé góð en þær eru alla jafna notaðar til blóðtöku í 10-15 ár. Áratuga reynsla sýnir að blóðtakan hefur ekki neikvæð áhrif á hryssurnar eða á sæld folalda. Það hefur reynst í lagi að taka 5 lítra í hvert skipti. Upprunalega byggði ákvörðun um blóðmagnið á reynslu Dananna auk reynslu frá Keldum eins og fram kemur að ofan. Það er grundvallarprinsipp í tilraunadýrafræðum að byggja ekki á gögnum um aðrar dýrategundir. Heppilegustu búin séu

fjölskyldubú með 30 – 80 hryssur. Heimilisfólk þekkir þá hryssurnar og öfugt sem byggir upp traust. Á stærri starfsstöðum með hryssum úr mörgum áttum er meiri hætta á að eitthvað fari úrskeiðis. Eigendur og starfsfólk þekkja þá ekki hryssurnar, þær sjálfar þekkjast ekki innbyrðis sem veldur oft streitu við smölun í rétt. Þar geta oftast verið hryssur sem hafa misheppnast í tamningu, svo sem vegna skapbresta. Oftast en ekki kemur í ljós að þær henta ekki frekar til blóðtöku en sem reiðhross.

Aðspurður sagði Eggert að val Ísteka á efnivið til mælinga á blóðrauða sé ekki skekkt (biased) heldur sé um tilviljanakennt úrtak að ræða. Stjórnendur Ísteka hafi engar forsendur til að velja hryssur til sýnatöku út frá öðru en vikum í blóðtöku og landshlutadreifingu. Gögnin sem hafa verið birt byggja á mælingum á rétt um 2400 hryssum sem er marktækt úrtak, enda breytileiki í styrk blóðrauða fremur lítill. Þá starfi rannsóknarstofa fyrirtækisins á mjög háu plani og standist allar ytri úttektir vegna lyfjaframleiðslu. Einnig telur Eggert að styrkur blóðrauða sé besti mælikvarðinn á blóðbúskapinn.

Eggert leggur eftir sem áður til ákveðnar úrbætur verði gerðar á umgjörð blóðmerahaldsins:

- Styrkja bæði innra og ytra eftirlit í sessi. Ytra eftirlitið beinist fyrst og fremst að aðbúnaði og aðstöðu (engar slysaáhrif), ástandi hrossa (heilbrigði, holdafari og hófhirðu), merkingum (allar skráðar í World Feng) og vinnubrögðum, fumlaus og ákveðin handtök án ofbeldis í umgengni við hryssurnar, notkun deyfilyfja (magn, verkunartími fyrir ástungu), ísetningu nálar (fumlaus handtök) og eftirlit á meðan blóðrennslið á sér stað. Enn fremur eftirlit með beitilandi og aðgangi að drykkjarvatni og saltsteini. Innra eftirlitið er ekki síst til að tryggja samræmd vinnubrögð við allar blóðtökur.
- Hver dýralæknir megi að hámarki hafa umsjón með þremur blóðtökubásnum í einu. Það er á ábyrgð blóðtökudýralæknis að sjá til þess að vinnubrögð séu í samræmi við dýravelferðarsjónarmið.
- Dýralæknirinn hafi aðstoðarmann við hvern bás á meðan á blóðtöku stendur, sem er tilbúinn til að slaka hratt og örugglega á uppbindingu hryssanna og róa þær eftir þörfum.
- Framkvæma ber skapgerðarmat á hryssunum: Það reynir fyrst á hvort hryssur henti til blóðtöku eftir að blóðtökur hefjast. Ef að þær sætta sig illa eða ekki við blóðtökuna eftir 2- 3 skipti í blóðtökubásnum skal sleppa þeim við frekari blóðtökur enda geta þær verið hættulegar bæði sér og öðrum.
- Hryssur í blóðtöku verði á aldursbilinu 4-20 vetra.
- Ekki séu fleiri en 100 hryssur í hverjum hópi sem smalað er til blóðtöku hverju sinni, en þó aldrei fleiri en 25 á hvern blóðtökubás.
- Framleiðsluhvetjandi hvatakerfi Ísteka verði aflagt. Það setji of mikla pressu á dýralækna og sé áhættuþáttur í dýravelferð.
- Hámark blóðtöku sé 5 lítrar í hvert sinn, að jafnaði 5 sinnum á tímabilinu, í undantekningartilvikum allt að 8 sinnum.

5.5 Fagráð í hrossarækt – 1. mars 2022

Á fundinn mættu Sveinn Steinarsson formaður fagráðsins, Elsa Albertsdóttir ræktunarleiðtogi hrossaræktar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Sveinn Ragnarsson, fulltrúi í fagráði og deildarstjóri hestadeildar Háskólans á Hólum. Fagráðið skilaði greinargerð til starfshópsins sem

finna má í heild í viðauka 1 en hér að neðan er gerð grein fyrir meginatriðum hennar. Á fundinum var farið yfir sjónarmiðin sem þar koma fram.

Fagráð í hrossarækt starfar samkvæmt búnaðarlögum (nr. 70/1998). Ráðið kemur að mótun stefnu í kynbótum og þróunarstarfi í búgreininni, skilgreinir ræktunarmarkmið og setur reglur um framkvæmd ræktunarstarfsins. Gildandi ræktunarmarkmið íslenska hestsins miðar að því að rækta heilbrigðan, frjósaman og endingargóðan reiðhest. Reiðhesturinn á að geta sinnt fjölmörgum hlutverkum og nýttast breiðum hópi fólks. Notkun hestsins miðast fyrst og fremst við reiðhestkosti hans þar sem hann nýtist til almennra útreiða, ferðalaga og í ýmsa keppni. Um ræktun og uppruna íslenska hestsins gildir opinber reglugerð nr. 442/2011 (með síðari breytingum) og er þar nánari grein gerð fyrir reglum um ræktunina, markmiðum hennar ásamt reglum um skráningu. Geta megi þess að fyrstu lög um kynbætur hrossa voru sett héraðsáráðgjafi 1891.

Mikið rannsóknar- og fræðastarf liggur að baki ræktun íslenska hestsins og verðmæti allrar þeirra vinnu verður seint metið til fjár. Með öflugu kynbótastarfi hafa náðst fram miklar erfðaframarir á síðustu áratugum sem hafa skilað hesti sem er æ eftirsóttari. Reiðhestamarkaðurinn skilar milljarða tekjum í þjóðarbúið á ári hverju og á sinn þátt í æ auknum ferðamannastraumi til landsins. Öflug markaðssetning hefur verið á íslenska hestinum t.a.m. með átakanu *Horses of Iceland* og fjöldi ferðamanna sækir Ísland heim hvort sem er til að kaupa hross, ferðast á hrossum eða heilsa upp á hrossin sín sem alast upp á Íslandi. Hagsmunir snúa ekki einungis að hrossasölu heldur allri þjónustu í kringum hestinn eins og tamningu, þjálfun, reiðkennslu, járningum, uppeldi á hrossum fyrir fólk bæði í þéttbýli á Íslandi og fólki búsettu erlendis. Enn fremur má nefna viðamikið íþróttastarf, keppnis- og sýningahald með viðburðum um nær hverja helgi. Ísland er skilgreint sem upprunaland íslenska hestsins, en það sem skilgreinir íslenskan hest utan Íslands er hreinræktun hans og skráning í upprunaættbók íslenska hestsins, Worldfengur.com. Fagráðið telur skráningu á þeim hryssum sem notaðar eru í blóðtöku oft á tíðum ekki fullnægjandi. Það dragi úr gildi kynbótamatsins hrossastofnsins í heild.

Fagráðið telur blóðmerahald skaða ímynd íslenska hestsins og áratuga uppbyggingarstarf. Starfsemin sé almennt séð ekki réttlætunleg og því telji ráðið að leggja eigi bann við henni. Ekki sé skynsamlegt að fara að skrá blóðmerastóð sérstaklega og halda þar með utan um tvo hrossastofna í landinu. Vísað er til greinargerðarinnar í heild í viðauka 1.

5.6 Fagráð um velferð dýra – 8. mars 2022

Á fundinn var mætt Hallgerður Hauksdóttir fulltrúi í fagráðinu.

Fagráðið sendi frá sér ályktun um blóðmerahald á fundi sínum þann 24. nóvember 2021 þar sem gerð er grein fyrir afstöðu ráðsins.³⁵

Þar segir meðal annars: „Fagráð um velferð dýra skoðar mál fyrst og fremst út frá velferð þeirra dýra sem til umfjöllunar eru. Siðferðileg álitamál um að halda fylfullar hryssur til blóðtöku eða

³⁵ https://www.mast.is/static/files/fundargerdir/fundargerd_fagrad_velferd_dyra_211124.pdf

nýtingar afurða hafa ekki verið rædd á vettvangi ráðsins. Áður hefur verið fjallað um velferð hryssnanna sjálfra og hvernig Matvælastofnun tryggir eftirlit með velferðinni.

Skipulag eftirlitsins hefur annars vegar byggt á auknu eftirliti miðað við annan búskap af hálfu Matvælastofnunnar og hins vegar eigin innra eftirliti Ísteka sem ræður dýralækni til að fylgjast með og leiðbeina um meðferð og velferð hryssnanna. Eins og kemur fram í mynd alþjóðlegu dýraverndarsamtakanna AWF/TSB þá hefur það eftirlit sem komið hefur verið á fót ekki dugað til.

Fagráðið telur brýnt að blóðtaka úr hryssum verði gerð leyfisskyld og skilyrði Mast fyrir blóðtöku verði endurskoðuð. Sömuleiðis að tekið verði upp eftirlit af hálfu stjórnvalda sem dugir til að tryggja að dýrin þurfi ekki að upplifa aðfarir eins og þær sem sáust í heimildarmyndinni.“

Til viðbótar telur ráðið að setja þurfi sérstaka reglugerð um starfsemina og gera þurfi hlutlausar rannsóknir á blóðbúskap og velferð hryssnanna.

5.7 Alþjóðasamband Íslandshestafélaga (FEIF) – 15. febrúar 2022

Á fundinn var mættur Gunnar Sturluson, forseti FEIF

FEIF eru samtök 22 Íslandshestafélaga í þremur heimsálfum með um 80.000 félagsmenn. Samtökin leggjast gegn blóðmerahaldi í sinni umsögn til Alþingis³⁶ og styðja að hún verði bönnuð. Verði niðurstaðan að hún verði leyfð eigi ekki að heimila skráningar gripanna í upprunaættbók íslenska hestsins, Worldfeng.

5.8 Félag hrossabænda (deild hrossabænda innan Bændasamtaka Íslands) – fundir 8. febrúar og 29. mars 2022.

Á fyrri fundinn voru mætt þau Sveinn Steinarsson formaður félagsins og stjórnarmennirnir Vignir Sigurðsson og Heiðrún Ósk Eymundsdóttir. Á seinni fundinn voru mætt voru þau sömu mætt að viðbættum stjórnarmönnum Guðnýju Helgu Björnsdóttur og Eysteini Leifssyni.

Á fyrri fundinum var gerð grein fyrir fyrstu viðbrögðum félagsins og umræðu innan þess. Í umsögn félagsins til Alþingis³⁷ kom fram að íslenska hestasamfélagið og samfélag íslenska hestsins á heimsvísu væri slegið eftir birtingu myndbands AWF/TSB og ljóst að ímynd íslenska hestsins í upprunalandi sínu hefði beðið hnekki. Sú illa meðferð sem þar kæmi fram á fylfullum hryssum væri á engan hátt verjandi þó að gera mætti ráð fyrir að myndbandið væri ekki lýsing á almennri meðferð hrossa við blóðtöku í landinu.

Félagið hefði áhyggjur af því að blóðtaka úr fylfullum hryssum ætti ekki samleið með þeirri umfangsmiklu starfsemi sem tengist hestinum heima og erlendis. Engu að síður vildi félagið bíða með að taka afgerandi afstöðu þar til starfshópurinn hefði lokið störfum.

³⁶ <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-478.pdf>

³⁷ <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-521.pdf>

Á síðari fundinum skilaði félagið greinargerð til starfshópsins þar sem lýst er helstu áhyggjuefnum vegna starfseminnar og birt er í heild í viðauka 2. Meginatriði hennar eru að hvort sem tillögur starfshópsins yrðu að banna starfsemina eða leyfa hana, vildi Hrossabændadeild BÍ koma áfram að samtali um æskileg næstu skref í átt að þeirri niðurstöðu sem starfshópurinn mun leggja til. Ef starfsemin á að halda áfram þarf að setja henni slík skilyrði og forsendur að ásýnd hennar varpi ekki skugga á fjölþætt starf hestategundar starfsemi á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi. Vísað er til greinargerðarinnar í heild í viðauka 2. Fram komu einnig áhyggjur af veikri samkeppnisstöðu bænda gagnvart Ísteka sem komið væri sjálft í umfangsmikla hrossarækt.

5.9 Félag tamningamanna (FT) – fundur 22. febrúar 2022

Á fundinn voru mætt þau Sýlvía Sigurbjörnsdóttir formaður félagsins, Mette C. M. Mannseth stjórnarkona og Þórarinn Eymundsson tamningamaður og lektor við Háskólann á Hólum

FT telur að banna eigi blóðmerahald. Samtökin telja að það eigi að gera á grundvelli velferðar dýranna í ljósi þess sem fram kemur í mynd AWF og almenningar vanlíðanar sem hryssurnar og folöld þeirra upplifa við blóðtökuna og meðhöndlun í tengslum við hana. Félagið telur jafnframt að starfsemin sé skaðleg fyrir almennt ræktunarstarf í hrossarækt, ímynd landsins og þá hestategund starfsemi sem fram fer í landinu s.s. í ferðþjónustu, sölu lífhrossa, aðsókn erlendra ferðamanna á viðburði eins og Landsmót og fleira sbr. umsögn þeirra til Alþingis³⁸ Verði niðurstaðan að starfsemin verði leyfð þurfi að greina skýrt á milli hrossa í þessari starfsemi og annarra til að uppruninn sé alltaf ljós. Forsendur starfseminnar þurfi líka að gerbreystast.

5.10 Ísteka – Fundir 8. febrúar og 8. mars 2022.

Á fyrri fundinn voru mætt þau Arnþór Guðlaugsson framkvæmdastjóri Ísteka, Eydís Sigvaldadóttir, gæðatryggingastjóri og Hörður Kristjánsson þróunarstjóri. Á seinni fundinn voru þau sömu mætt.

Á fyrri fundinum var farið yfir starfsemina eins og hún snýr að fyrirtækinu, hvaða skilyrði henni eru sett og hvaða mælingar eru gerðar. Ítarlega var rætt um framkvæmd og niðurstöður mælinganna sem nú eru gerðar annað hvert ár. Fram kom að afföll á blóðgjafatíma væru aðeins um 0,1% sem væri sambærilegt og hjá hrossum sem ekki væru nýtt til blóðtöku. Fóstureyðingar væru ekki leyfðar eins og í S-Ameríku.

Fyrirtækið starfar samkvæmt leyfi frá Lyfjastofnun og þar með á öllu starfssvæði Evrópsku lyfjastofnunarinnar (EMA). Lyfjaverksmiðja og verkferlar fyrirtækisins eru samþykkt af Bandarísku lyfjastofnunni (FDA). Fyrirtækið uppfyllir alþjóðlega GMP (Good manufacturing practices) staðalinn sem er viðurkenndur í lyfjaframleiðslu. Fyrirtækið er jafnframt með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. GMP gæðakerfið nær yfir starfsemina frá því blóðið kemur inn á gólf fyrirtækisins en ekki það sem á sér stað við söfnunina.

³⁸ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/152/152-589.pdf>

Greint var frá því að sett hefði verið fram umbótaáætlun³⁹ í desember 2021 þar sem m.a. væri lagt til myndavélaeftirlit.

Á síðari fundinum var spurt um framgang vinnu hópsins í ljósi starfsemi fyrirtækisins í ár. Greint var frá því að fulltrúar kaupenda afurða Ísteka (Merck) væru á landinu til að fara yfir stöðu mála og að þeir kæmu reglulega hingað til eftirlits.

Fram kom að unnið væri að því að nýta afurðir úr blóðvökva sem áburð en hann er síaður en uppistaðan í honum (sem er vatn) endar í holræsakerfinu. Fram kom einnig að dýralæknar sem starfa fyrir Ísteka á blóðtökutímabilinu eru verktakar hjá fyrirtækinu en eru ekki í beinu ráðningarsambandi.

Nánari greinargerð er að finna í umsögn Ísteka til Alþingis⁴⁰ og jafnframt er fjallað um starfsemi Ísteka víðar í skýrslunni.

5.11 Í-ESS bændur, samstarfsvettvangur blóðmerabænda – Fundur 1. mars 2022

Á fundinn voru mætt bændurnir Sigríður Jónsdóttir, Arnarholti í Bláskógabyggð, Halla Bjarnadóttir, Ártúnum í Rangárþingi eystra, Magnús Magnússon, Staðarbakka í Húnaþingi vestra, Kristján Þorbjörnsson, Gilsstöðum í Húnavatnshreppi og Ólafur Þórisson, Miðkoti í Rangárþingi eystra.

Á fundinum var rætt um starfsemina frá sjónarhóli þeirra sem hana stunda og þeirri umræðu sem orðið hefur í kjölfar birtingar myndbands AWF. Bent var á að það væri tekið með földum myndavélum sem væri lögbrot. Það væri ekki dæmigert fyrir starfsemina heldur frávik sem dæmi væru um í öllu dýrahaldi. Myndbandið dregur ekki fram sannindi um hvað gerist í blóðtöku.

Fram kom að tækifæri væru til úrbóta, bæði með betri aðstöðu og aukinn fræðslu. Ábyrgðin væri bóndans á sínum skepnum en Ísteka þyrfti að standa sig mun betur í leiðbeininga- og fræðslustarfi. Starfsemin hefði þróast mikið og breyst frá því að hún hófst 1979. Ekki tekið undir að starfsleyfi þyrfti. Eftirlit MAST nægði.

Blóðmerahald væri góð viðbót við landbúnaðinn og byggðamálin. Í því fælist stuðningur við þá hrossarékt sem fyrir er og góð viðbót við hefðbundnar búgreinar sem fyrir eru. Starfsemin þýddi betri nýtingu jarða og mannvirkja, meiri veltu í samfélaginu og uppskeru væri breytt í gjaldeyri sem annars væri lítið eða ekkert nýtt. Ekki væri hægt að halda fram að það væri verra fyrir hryssurnar að vera í blóðmerahaldi heldur en öðrum búskap. Engin merki væru um að þeim líði illa. Þær eru frjálssar og verða gamlar og heilsuhraustar. Reynslan hafi sýnt að hryssurnar þola blóðtökuna vel og afföll séu lítil.

Talið að þetta gæti hjálpað hrossastofninum vegna þess að þetta viðheldur frjósemi. Engin inngríp í frjóvgunina. Merar í ræktun fyljast á öðrum tíma og gagnast því ekki í blóðtökunni.

³⁹ <https://www.visir.is/g/20212198214d/umbotaaaetlun-isteka-hrint-i-framkvaemid>

⁴⁰ <https://www.althingi.is/altext/erindi/151/151-2369.pdf>

Ræktendur hafa talið blóðmerahald skaðlegt fyrir almenna hrossarækt, en ekki liggur fyrir hvað mörg blóðmerafolöld fara á markað. Einstaklingar sem kaupa folöld úr blóðstöðum séu að sækjast eftir litfögum folöldum og vilja yfirleitt ódýr folöld.

Gagnrýnt var að Ísteka væri sjálft í blóðmerahaldi og/eða aðrir stórir aðilar. Það væri óeðlileg samkeppnisstaða.

Nánar er vísað til umsagnar Í-ESS bænda til Alþingis⁴¹

5.12 Landssamband hestamannafélaga (LH) – Fundur 15. febrúar 2022

Á fundinn voru mætt þau Guðni Halldórsson formaður og Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri.

LH sem eru samtök 44 hestamannafélaga um land allt með um 13.000 félagsmenn. Þau eru jafnframt hluti af Íþróttasambandi Íslands. Samtökin eru sama sinnis og FEIF og FT og leggjast gegn blóðmerahaldi sbr. umsögn þeirra til Alþingis⁴². Það eigi ekki samleið með því fjölskyldusporti sem hestamennskan er og þeirri ímynd, meðferð og notkun sem því tengjast. Verði niðurstaðan að starfsemin verði leyfð þurfi að greina skýrt á milli hrossa í þessari starfsemi og annarra og það verður að vera óvæfengjanlegt að velferð dýranna sé tryggð.

5.13 Samtök um dýravelferð á Íslandi – 8. mars 2022

Á fundinn voru mætt þau stjórnarmennirnir Birta Flókadóttir, Björn M. Sigurjónsson, Meike Witt og Rósa Líf Darradóttir ásamt Ingunni Reynisdóttur dýralækni og Svani Sigurbjörnssyni lækni.

Samtök um dýravelferð voru stofnuð í febrúar 2022 og helsta baráttumál þeirra hingað til er að stöðva blóðmerahald.

Hörð gagnrýni kom fram á starfseminna. Samtökin telja hana lögbrot miðað við gildandi EES reglur og eiga hlut að kæru þess efnis til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Fram kom að gildandi íslensk dýravelferðarlög væru ekki EES reglur en í starfseminni fælist einnig brot á þeim.

Starfsemin sé ekki réttlætanleg yfirleitt og snúist eingöngu um fjárhagslega hagsmuni. Blóðtakan valdi hryssunum verulegri hræðslu, álagi og vanlíðan. Hestar séu gífurlega nærmar verur sem læra af fyrri reynslu og mynda oft mjög sterkar tilfinningar gagnvart slæmri reynslu.

Þá væri blóðmagn í hverri töku of mikið. Blóðmagn í íslenskum hestum væri í kringum 26-29 lítra en ekki 35 eins og Ísteka heldur fram. Alþjóðlegar reglur miði við að tekið sé um 7% af blóðmagni dýrsins. Treysta ekki mælingum Ísteka. Sýni ætti að taka 1 til 7 dögum eftir blóðtöku.

⁴¹ <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-509.pdf>

⁴² <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-460.pdf>

Dýralæknar ættu að annast blóðtökuna, sem er því skilgreind sem læknisverk. Í lögum um dýralækna er skýrt tekið fram að ekki má vinna læknisverk á hestum nema af læknisfræðilegum ástæðum. Þessu væri ekki framfylgt. Koma yrði lögum yfir starfsemina.

Talsverðar umræður urðu á fundinum um eftirlit MAST með starfseminni sem samtökin telja ekki fullnægjandi.

Samtökin skiluðu ekki umsögn til Alþingis eða til hópsins en hafa gefið út yfirlýsingu um blóðmerahald á vefsíðu sinni⁴³ þar sem ítarlegri grein er gerð fyrir sjónarmiðum þeirra.

5.14 Prófessor Xavier Manteca Vilanova – 10. mars 2022

Prófessor Vilanova, kom á fund starfshópsins til að ræða vísindagrein⁴⁴ sem talsvert hefur verið vísað til um umræðu um hvað væri eðlilegt magn sem taka mætti við blóðtöku úr hrossum, en hann er fyrsti höfundur greinarinnar. Hann staðfesti að það væri réttur skilningur að ekki væri vísindalegur grunnur fyrir því að leiðbeiningar fyrir tilraunadýr ættu við um hross og það væri ekki fullt í greininni. Hann var sömuleiðis sammála því að ekki væri hægt að heimfæra niðurstöður sem þessar á milli dýrategunda án fyrirvara og það væri grundvallar líffræðilegur munur á milli nagdýra og hrossa.

5.15 Samantekt á sjónarmiðum hagaðila

Til að draga fram heildarmynd af málaflokknum hefur starfshópurinn flokkað sjónamið hagaðila annars vegar eftir því hver afstaða þeirra er til blóðmerahalds, og hins vegar eftir því á hvaða meginsjónarmiðum aðilar byggja afstöðu sína. Hvað fyrra atriðið varðar, þá var afstaðan ýmist sú að banna blóðtöku úr fylfullum merum, að leyfa hana en setja starfseminni frekari skilyrði en nú eru, og loks að leyfa það án þess að setja frekari skilyrði fyrir starfseminni. Þessi afstaða byggði svo ýmist á sjónarmiðum sem tengjast dýravelferð, efnahagslegum sjónarmiðum þar sem beinir hagsmunir eru í húfi, efnahagslegum sjónarmiðum þar sem hagsmunirnir eru óbeinir eða afleiddir og tengjast t.d. ímynd íslenska hestsins, og loks komu fram ræktunarsjónarmið. Athygli vekur að aðilar nefndu dýravelferðarsjónarmið og efnahagsleg sjónarmið bæði sem rök fyrir því að leyfa starfsemina og fyrir því að banna hana. Í töflu er afstaða hagaðila og meginsjónarmið þeirra dregin fram.

Tafla 5. Samantekt sjónarmiða hagaðila.

Hagaðilar eða aðrir	Dagsetning fundar	Afstaða til blóðmerarhalds	Meginsjónarmið
AWF	8. mars 2022	Banna	Dýravelferð

⁴³ <https://www.dyravelferd.is/>

⁴⁴ Manteca Vilanova, X., Beaver, B., Uldahl, M., & Turner, P. V. (2021). Recommendations for Ensuring Good Welfare of Horses Used for Industrial Blood, Serum, or Urine Production. *Animals : an open access journal from MDPI*, 11(5), 1466. <https://doi.org/10.3390/ani11051466>.

Dýralæknafélag Íslands	22. febrúar 2022	Leyfa með skilyrðum	Dýravelferð
Dýraverndarsamband Íslands	1. mars 2022	Leyfa með skilyrðum	Dýravelferð
Eggert Gunnarsson dýralæknir	19. apríl 2022	Leyfa með skilyrðum	Dýravelferð og efnahagsleg sjónarmið
Fagráð í hrossarækt	1. mars 2022	Banna	Ræktunarsjónarmið Ímynd greinarinnar
Fagráð um velferð dýra	8. mars 2022	Leyfa með skilyrðum	Dýravelferð
Alþjóðasamband Íslandshestafélaga (FEIF)	15. febrúar 202	Banna	Ímynd greinarinnar Ræktunarsjónarmið
Félag hrossabænda	8. febrúar og 29. mars 2022	Leyfa með skilyrðum	Ræktunarsjónarmið Ímynd greinarinnar
Félag tamningamanna	22. febrúar 2022	Banna	Ræktunarsjónarmið Ímynd greinarinnar Markaðssjónarmið Dýravelferð
Ísteka	8. febrúar og 8. mars 2022	Leyfa	Efnahagsleg sjónarmið
Í-ESS, samstarfsvettvangur blóðmerabænda	1. mars 2022	Leyfa með skilyrðum	Efnahagsleg sjónarmið
Landssamband hestamannafélaga	15. febrúar 2022	Banna	Ímynd Efnahagsleg sjónarmið Dýravelferð
Samtök um dýravelferð á Íslandi	8. mars 2022	Banna	Dýravelferð
Prófessor Xavier Manteca Vilanova	10. mars 2022	Leyfa með skilyrðum	Á ekki við.

Í þessum kafla höfum við lýst þeim sjónarmiðum sem komu fram á fundum ólíkra hagaðila, bæði hvað varðar afstöðu til blóðmerahalds og blóðtöku og á hvaða forsendum afstaðan byggir í hverju tilviki. Í kaflanum höfum við hins vegar ekki lagt mat á þessi sjónarmið eða dregið fram önnur. Það er viðfangsefni næsta kafla.

6 Meginsjónarmið

Í þessum kafla setur nefndin fram þau meginsjónarmið sem horfa ber til þegar tekin er afstaða til blóðmerahalds og blóðtöku úr fylfullu hryssum. Flest sjónarmiðin eru nefnd í kafla 5 þar sem afstöðu hagaðila er lýst en í þessum kafla verða sjónarmiðin rædd í lengra máli og framsetningin ekki bundin skilningi hagaðila.

6.1 Dýravelferð

Þau sjónarmið sem hvað mesta athygli hafa fengið varða velferð dýra. Myndband Animal Welfare Foundation, sem varð upphafið að þeirri miklu umræðu sem varð um blóðmerahald haustið 2021 beindi sjónum sínum sérstaklega að velferð dýranna, einkum hryssanna sjálfra. Sjónarmiðum sem varða dýravelferðar má skipta í fjóra flokka:

- (1) Útigangur blóðmerastóða.
- (2) Blóðtakan sjálf, þ.e. rekstur hryssanna í gerði og síðan inn í tókubás þar sem þær eru aðskildar frá folöldum og bundnar upp áður en stungið er á æð með stórri nál.
- (3) Blóðmagnið sem tekið er í hvert skipti og fjölda skipta.
- (4) Tilgangur blóðtökunnar sem er nær eingöngu til framleiðslu á frjósemislyfjum sem gjarnan tengist þauleldi húsdýra eða verksmiðjubúskap.

6.1.1 Útigangan

Íslenski hesturinn er vel aðlagður að útigangi að vetri til. Í greininni, “Velferð hrossa á útigangi”⁴⁵ er líffræðilegri aðlögun hestanna lýst:

Af líffræðilegri aðlögun ber fyrst að nefna vetrarfeldinn sem veitir einstaka einangrun, loftkenndur sem dúnn næst húðinni með löngum vindhárur. Fita í feldinum hrindir frá sér vatni. Húðin er þykk og við kaldar aðstæður dregur nær alveg úr blóðstreymi til hennar til að minnka hitatap. Þá safna hross fituforða undir húð til að auka einangrunina. Hross hafa þann hæfileika að geta sofið standandi og eru með sérstaklega þróað æðakerfi í fótum sem hindrar að kalt blóð frá fótum kæli líkamann og kemur í veg fyrir að hrossum verði kalt á fótunum. (Sigríður Björnsdóttir, 2020, bls. 24)

Þótt íslenski hesturinn sé þannig vel aðlagður að því að vera úti allt árið, getur velferð útigangshrossa verið stofnað í hættu, einkum ef hrossin eru ekki í góðum holdum að hausti. Það gerist helst ef gengið hefur verið of nærri beitolandinu eða þegar einstaka hross eru of gömul eða óheilbrigð að einhverju leyti. Alla jafna er folöldum blóðtökuhryssna slátrað að hausti en að öðrum kosti er vanið undan þeim fyrir áramót. Þær eru því ekki mjólkandi yfir veturinn. Holdafar hrossa er mikilvægur velferðarvísir sem endurspeglar fóðrun/beit, heilbrigði og aðra líðan að miklu leyti.

⁴⁵ <https://eidfaxi.is/velferd-hrossa-a-utigangi-2/>

Sömu ákvæði gilda um velferð allra hrossa á útingangi, óháð tilgangi hrossahaldsins. Eftirlit með blóðtökustóðum er hins vegar tíðara en í öðru hrossahaldi og komi fram alvarleg frávik er Ísteka óheimilt að taka blóð á bænum næsta sumar. Því má segja að viðurlögin séu þyngri en í öðru hrossahaldi og má ætla að það sé ástæða þess að á seinni árum er minna um alvarleg frávik í blóðmerastóðum en öðru hrossahaldi⁴⁶.

Hross í útingöngu eru þau húsdýr á Íslandi sem njóta mests frelsis og hafa besta möguleika á að sýna sitt náttúrulega eðli, en það er einmitt eitt af frelsisákvæðunum fimm sem liggja lögum og alþjóðlegum sjónarmiðum um dýravelferð til grundvallar. Flesta daga ársins lifa blóðtökuhryssur náttúrulegu lífi með afkvæmum sínum sem í raun er einstakt í íslensku búfjárhaldi. Þær mjólka aðeins einu afkvæmi og fyljun er náttúruleg.

6.1.2 Blóðtakan

Blóðtakan sjálf er alltaf íþyngjandi fyrir hryssurnar. Eins og sjá mátti í myndbandi Animal Welfare Foundation geta komið upp skelfileg atvik þegar illa er að henni staðið. Sé litið til eftirlitsniðurstaðna er þó oftast vel að verki staðið og hryssurnar jafna sig á tiltölulega skömmum tíma.

Í blóðtökunni sjálfri er einkum þrennt sem þarf að huga sérstaklega að. Í fyrsta lagi þegar hryssurnar eru reknar að blóðtökubásun, en þá er þeim safnað saman í gerði eða rétt með nokkurra mánaða gömlum folöldum sínum þar sem þrennt er að þeim og auðveldlega getur skapast mikið stress. Í öðru lagi þegar hryssurnar eru reknar inn í blóðtökubásinn, þar sem þær eru aðskildar frá folöldunum, bundnar, höfuðið reyrt upp og stungið með holnál á bláæð í hálsi. Í þriðja lagi eru það aðstæðurnar strax að blóðtöku lokinni, þ.e. hvort hryssurnar hafi aðgang að vatni og salti, og geti sameinast folöldum sínum strax að blóðtökunni lokinni og slakað á.

Góð umgengni við hryssurnar er forsenda þess að blóðtakan sé ásættanleg út frá sjónarmiði dýravelferðar. Óumdeilt er að blóðtakan sjálf er mikið inngríp í líf hryssnanna og getur ýmislegt farið úrskeiðis ef ekki er vel að henni staðið. Í langflestum tilvikum virðast hryssurnar jafna sig nokkuð fljótt á blóðtökunni og margar venjast henni vel. Þó eru einnig dæmi um hryssur sem ekki sætta sig við inngrípið og fátt annað að gera en að hætta með þær í blóðtöku.

Vert er að benda á að ekki er hægt að koma nál fyrir í meginbláæð meranna öðruvísi en að þær standi kyrrar. Krafa er gerð um staðdeyfingu á stungustað og aldrei hafa komið fram vísbendingar um frávik frá þeirri reglu. Jafnframt er ófrávikjanleg krafa að blóðtakan sé framkvæmd af dýralækni.

Ekki hafa komið fram alvarleg frávik við sjálfa blóðtökuna í eftirliti Matvælastofnunar en í myndbandi AWF mátti sjá hryssur illa við þvinguðum aðstæðum í blóðtökubásnum auk frávika við meðferð hryssna í tengslum við blóðtökuna sem voru mjög alvarleg og sæta nú lögreglurannsókn.

⁴⁶ https://www.mast.is/static/files/skyrslur/eftirlit-med-blodtokuhryssum-skyrsla-mast_loka.pdf (bls. 2)

6.1.3 Blóðmagnid

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvað merar þola að missa mikið magn af blóði, bæði í hvert skipti (allt að 5 lítra) og heildina yfir blóðtökutímabilið (allt að 40 lítra). Í greininni “Horse Welfare During Equine Chorionic Gonadotropin (eCG) Production” sem birtist í tímaritinu *Animals* árið 2019 segir m.a.: “There are no international or industry guidelines or recommendations for blood collection from pregnant mares and the amount collected and the schedule of collection are highly variable between farms” (Manteca Vilanova, o.fl. 2019, bls. 2).⁴⁷

Fullyrt hefur verið að úr hryssunum sé tekið fjórum sinnum meira blóð en þær þola og vísað í yfirlitgrein frá 2021 “Recommendations for ensuring good welfare of horses used for industrial blood, serum, or urine production” sem einnig birtist í tímaritinu *Animals* (Manteca Vilanova o.fl., 2021)⁴⁸. Í greininni er sérstaklega tekið fram að engar leiðbeiningar liggi fyrir um það hversu mikið blóð sé óhætt að taka úr hrossum: „No specific guidelines have been developed for blood removal from horses“ (bls. 7). Höfundar greinarinnar leggja hins vegar fram leiðbeiningar sem byggja almennt á tilraunadýrum (nagdýrum) þar sem fram kemur, miðað við að blóðtaka sé framkvæmd vikulega (allt árið), að óhætt sé að taka 7,5% af því blóði sem er á hverjum tíma í æðakerfinu (circulating blood volume). Almennt séð er ekki hægt að heimfæra rannsóknaniðurstöður milli dýrategunda án fyrirvara og hæpið að heimfæra leiðbeiningar sem byggðar eru á tilraunum með nagdýr yfir á hross enda segja höfundar hvergi beinlínis að þessar leiðbeiningar eigi að gilda um hross..

Í grein Manteca Vilanova og féлага er einnig vísað í rannsókn á hestum þar sem tekið var blóð sem nam 25% af heildarblóðmagni dýrsins og mælt hvaða áhrif það hafði á hrossin (Malikides o.fl., 2001). Þetta er í raun eina vísindagreinin sem fjallar beinlínis um blóðtöku á hrossum og áhrif hennar á heilsu og velferð þeirra. Áhrif blóðtökunnar á helstu blóðþætti reyndust tímabundin og innan viðmiðunarmarka en í útdrætti segir:

To determine whether removal of 20 mL/kg of blood (approximately 25% of blood volume) resulted in adverse physiological effects in donor horses, we removed this volume of blood from five horses and selected cardiovascular, haematological and biochemical variables measured during collection and for 31 days thereafter. We found that alteration in most variables occurred, although the changes in values usually remained within published reference ranges. Also, recovery of these alterations to pre-collection values was rapid, occurring within 24–48 h in most instances. We concluded that volumes of blood less than or equal to 20 mL/kg when collected appropriately from healthy donor horses result in no adverse acute or chronic physiological changes. These results suggest that horses undergo adequate physiological compensation when ~25%

⁴⁷ Manteca Vilanova, X., De Briyne, N., Beaver, B., & Turner, P. V. (2019). Horse Welfare During Equine Chorionic Gonadotropin (eCG) Production. *Animals : an open access journal from MDPI*, 9(12), 1053. <https://doi.org/10.3390/ani9121053>

⁴⁸ Manteca Vilanova, X., Beaver, B., Uldahl, M., & Turner, P. V. (2021). Recommendations for Ensuring Good Welfare of Horses Used for Industrial Blood, Serum, or Urine Production. *Animals : an open access journal from MDPI*, 11(5), 1466. <https://doi.org/10.3390/ani11051466>.

of blood volume is removed for the purposes of blood donation or production of plasma”. (Malikides o.fl., 2001).⁴⁹

Fullorðin íslensk hross vega 380–410 kg (Brynjar Skúlason, 2010)⁵⁰. Blóðtaka sem nemur 20 mL/kg svarar því til 7,6 – 8,2 lítra sem er þriðjungur meira en tekið er úr hryssum hér á landi. Rannsóknin tekur ekki til endurtekinnar blóðtöku en fram kemur að flestir blóðþættirnir hafi endurnýjað sig á innan við viku. Þá var hún ekki framkvæmd á fylfullum hryssum og óvíst hvort það hafi einhver áhrif. Samkvæmt mælingum Ísteka (Mynd 2) má ætla að blóðbúskapur fylfullra hryssna á útigangi sé betri en reiðhesta hér á landi (Sveinn Ólason, 2010)⁵¹

Þótt framangreind rannsókn sem og reynslan hér á landi bendi til þess að hryssur jafni sig tiltölulega fljótt eftir blóðtöku þá finnst mörgum mjög langt gengið að taka 5 lítra í einu, vikulega í allt að 8 vikur. Sambærileg blóðtaka myndi t.a.m. ganga mjög nærri fólki. Skýringa á því að hross virðast þola blóðtöku betur en mörg önnur dýr er m.a. að leita í lífeðlisfræðilegum þáttum. Hross geyma sérlega miklar varabirgðir af rauðum blóðkornum í milta, eða allt að 30% viðbót við það sem er í æðakerfinu. Hross eru flóttadýr og þetta er hluti af þeirra „fight or flight“ viðbrögðum, en með því að bæta varabirgðunum í blóðrásina geta hross bæði hraðað flóttu sínum og haldið betur út en ella. Þau geta sömuleiðis nýtt varabirgðirnar til að bregðast við alvarlegri blæðingu eða blóðtöku ef aðgangur að vatni er nægilegur til að vega upp vökvatapið sem verður við blóðmissinn. Til samanburður bregðast nagdýr við hættu með því að halda kyrru fyrir og láta eins lítið á sér bera og þau geta. Þau hafa því ekki sama hag af umfram magni rauðra blóðkorna í milta og geta ekki gripið til sambærilegra varabirgða við blóðtöku. Þessi grundvallar munur á líffræði, auk stærðarmunar dýrategundanna eru meðal ástæðna þess að ekki er faglegt að heimfæra viðmið um blóðtöku milli tegundanna.

Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir vísindalega sannreyndar rannsóknir um áhrif þess að taka 5 lítra af blóði vikulega, allt að 8 sinnum, úr íslenskum hryssum á fyrri hluta meðgöngu, byggir starfsemin á áratuga reynslu. Eftirlit með heilbrigði hryssnanna fyrir og eftir blóðtöku er grundvallar þáttur við mat á velferð þeirra, þar með talið hversu vel þær þola blóðtöku sem nemur 5 lítrum vikulega yfir blóðtökutímabilið. Eftirlitið með þessum þætti er því margþætt eins og lýst er að framan⁵². Þar kemur fram að heilsufar hryssnanna er gott og framleiðslusjúkdómar nær óþekktir. Fullt samræmi er milli innra eftirlits Ísteka og ytra eftirlits Matvælastofnunar varðandi heilsufar hryssnanna. Þá eru fyrirliggjandi mælingar á hemóglóbíni hjá 2391 hryssu yfir 11 ára tímabil sem gefa mynd af blóðbúskap hryssnanna viku eftir hverja blóðtöku eins og vísað er til að framan. Þær mælingar benda til þess að blóðtapið sé innan þeirra marka sem hryssurnar geta mætt með varabirgðum (til skamms tíma) og nýmyndun blóðs (til lengri tíma). Styrkur hemóglóbíns helst því innan viðmiðunarmarkanna allt blóðtökutímabilið.

⁴⁹ Malikides, N, J.L. Hodgson, J. L, R.J. Rose, R.J. og Hodgson, D.R. (2001). *Cardiovascular, Haematological and Biochemical Responses After Large Volume Blood Collection in Horses*, The Veterinary Journal, Volume 162, Issue 1, bls. 44-55, <https://doi.org/10.1053/tvjl.2001.0583>.

⁵⁰ <https://skemman.is/handle/1946/10861>

⁵¹ Sveinn Ólason. Blóðvæðier hos íslandske rideheste. Hæmatologiske og biokemiske normalvæðier hos íslandske rideheste. Hovedopgave til godkendelse som fagdyrlæge vedr. sygdomme hos heste. Dansk Dyrlægeforening, februar 2010.

⁵² https://www.mast.is/static/files/skyrslur/eftirlit-med-blodtokuhryssum-skyrsla-mast_loka.pdf

6.1.4 Tilgangur blóðtökunnar

Hvað tilgangur blóðtökunnar varðar þá er blóðið fyrst og fremst tekið til þess að framleiða hráefni í frjósemislyf sem notað er í þaueldi annarra húsdýra. Dýr í þaueldi búa sjaldan eða aldrei við þær aðstæður sem alþjóðleg viðmið um velferð dýra miða við, t.a.m. geta slík dýr sjaldan eða aldrei sýnt sitt náttúrulega eðli. Af þessu má draga þá ályktun að blóðmerahald verði ekki réttlætt af markmiðum blóðtökunnar heldur verður hún að réttlætast á eigin forsendum, sem dýrahald í atvinnuskyni sem skapar eigandanum tekjur.

6.2 Efnahagsleg sjónarmið:

Bændur sem stunda blóðmerahald hafa af því talsverðar tekjur sem hafa þýðingu fyrir þá og þeir gætu ólíklega aflað með öðrum hætti í gegnum hrossahaldið. Þeir hafa einnig tekjur af kjötrframleiðslu, sem og afurðastöðvarnar sem taka við gripunum og hafa tekjur af sölu kjötsins. Þá hafa dýralæknar tekjur af starfsemi enda er skilyrði að þeir annist blóðtökuna. Þá hefur Ísteka verulegar tekjur af starfsemi, skapar 1700 milljóna útflutningstekjur og veitir 40 manns atvinnu í hátæknilegri starfsemi. Þetta má flokka sem bein jákvæð efnahagsleg sjónarmið. Í kafla 2.2. kemur fram yfirlit um greiðslur Ísteka til síðustu ár en mat á kjötafurðatekjum bænda, tekjum afurðastöðva og dýralækna hefur ekki farið fram. Óbein jákvæð efnahagsleg sjónarmið geta síðan verið byggða- og samfélagsleg þar sem að starfsemin sé þýðingarmikil fyrir byggðina þar sem hún fer fram, auk þess sem hún nýtir landgæði sem annars væru lítið eða ekki nýtt og sköpuðu engar tekjur.

Engin bein neikvæð efnahagsleg sjónarmið liggja fyrir en þau geta verið veruleg óbeint ef blóðmerahald fer að hafa neikvæð áhrif á útflutning á lífhrossum og hestatengda starfsemi s.s. ferðaþjónustu, keppnis- og mótahald sem og aðra þjónustustarfsemi sem byggir á íslenska hestinum. Eins og fram kemur í sjónarmiðum hagaðila hafa margir áhyggjur af framangreindum þáttum og almennum neikvæðum áhrifum á ímynd Íslands. Erfitt er að mæla eða sýna fram á þessi áhrif með beinum hætti, en því verður ekki á móti mælt að þessir hagsmunir geta verið verulegir. Engin úttekt liggur fyrir á efnahagslegum áhrifum hestatengdrar starfsemi í heild en í gögnum Hagstofu Íslands má sjá útflutningstekjur af lífhrossum.

Tafla 6. Útflutningstekjur (FOB) af lífhrossum 2012-2021.

Verðlag hvers árs

Ár	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Milljónir króna	1.037	916	835	874	966	753	915	1.000	1.535	2.251

6.3 Ræktunarsjónarmið:

Í reglugerð nr. 442/2011 um uppruna og ræktun íslenska hestsins, með breytingu nr. 568/2020 segir um hlutverk íslenska hestsins: Markmiðið er að rækta reiðhest sem getur sinnt fjölmörgum hlutverkum og nýttist breiðum hópi fólks. Notkun hestsins miðast fyrst og fremst við reiðhestskosti hans þar sem hann nýttist til almennra útreiða, ferðalaga og í hinar ýmsu keppnir.

Frá fornu fari var hlutverk hestsins þó víðtækara, þar sem hann var notaður til margvíslegrar vinnu, s.s. dráttar sem og til kjötframleiðslu, sem tíðkast enn. Því hafa alla tíð verið til stóðhross sem ekki hafa verið tamin til reiðar og ekki ætlað það hlutverk. Úr þeim stóðum hafa þó ævinlega valist einhverjir hestar til reiðar og sumir orðið kynbótahestar. Aldrei hefur verið litið svo á að um ólíka stofna innan hrossakynsins sé að ræða og erfðarannsóknir hafa ekki bent til þess.

Blóðmerastóð nútímans eiga rætur sínar að rekja til þessara stóða en einnig er þar að finna hryssur ræktaðar sem reiðhesta, sem af ólíkum ástæðum hafa ekki uppfyllt skilyrði til þeirra nota. Ætla má að margar þeirra hafi ratað í þessa starfsemi á leið í sláturhús enda hafa blóðbændur lengi boðið rétt ríflega sláturverð í hryssur. Þá eru einhverjir blóðmerabændur með ræktunarhryssur í blóðtöku og samtvinna þannig starfsemina.

Ræktunarsaga íslenska hestsins er stutt út frá sjónarmiði erfðafræðinnar en ættbók íslenska hestsins á 100 ára afmæli á næsta ári. Skipulögð ræktun út frá reiðhestshæfileikum og byggingu hófst þó ekki fyrr en 1950. Úrvalið hefur verið býsna öflugt á þessum tíma og engum vafa undirorpið að hesturinn hefur breyst mikið hvort heldur litið er til sköpulags eða kosta. Mikill breytileiki er samt í mörgum eiginleikum, t.d. stærð, litum og þróðleika, svo eitthvað sé nefnt.

Jákvæð ræktunarsjónarmið: Stærri og fjölbreyttara genamengi íslenska hestsins sem getur varðveitt jákvæða eiginleika. Frjósemi er til dæmis vel varðveittur eiginleiki í blóðmerum. Afsetningarmöguleiki fyrir hryssur sem ekki nýtast til ræktunar reiðhesta og þær eru því frekar teknar út úr reiðhestaræktuninni. Yfirgnæfandi meirihluti folalda sem fæðast í blóðtökustóðum skila sér í sláturhús að hausti.

Neikvæð ræktunarsjónarmið: Blóðmerarhaldið felur í sér ræktun á hrossum sem líklegri er að standist ekki gæðakröfur reiðhestaræktunar en geta þó farið á reiðhestamarkaðinn og skaðað hann. Ekki hefur verið sýnt fram á að hross úr blóðmerastóðum (folöld) hafi mælanleg áhrif á reiðhestamarkaðinn, enn sem komið er.

Rætt hefur verið hvort rétt sé að merkja folöld úr blóðmerastóðum í WF, kaupendum til viðvörunar. Það kæmi sér illa fyrir þá sem eru að samtvinna ræktun reiðhesta (t.d. ferðahesta og heimilishesta) og blóðtöku úr hryssunum en vandséð er hvers vegna það ætti ekki að vera í lagi.

Kynbótamat (BLUP) hefur verið reiknað út fyrir íslenska hrossastofninn frá árinu 1986 en því er lýst með eftirfarandi hætti á heimasíðu Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins⁵³ *Kynbótamatið dregur saman allar tiltækar tölulegar upplýsingar frá kynbótadómum allra hrossa í stofninum í heildarniðurstöðu um gildi hrossa til framræktunar. Gildið ræðst af röðun hrossa út frá því hversu mikils er að vænta að þau geti lagt af mörkum í ræktunarstarfinu. Skalinn miðar við 100 sem meðalgildi og eitt staðalfrávik er 10 stig, en hrossastofninn allur dreifist um 6 staðalfrávik eða frá u.þ.b. 70 til 130, með einungis örfá hross utan þeirrar spannar. Almenn er ekki ráðlegt að nota hross til undaneldis sem eru undir 100 í aðaleinkunn kynbótamats, þar sem þeirra*

⁵³ <https://www.rml.is/is/starfsemi/frettir/uppfaert-kynbotamat-i-worldfeng>

framlag er líklegt til að vera í neikvæða átt, miðað við opinbert ræktunarmarkmið íslenska hestsins. Í þessu samhengi er þó afar mikilvægt að hafa öryggi kynbótamatsins til hliðsjónar, enda er það misjafnt frá hesti til hests. Því meiri upplýsingar sem eru tiltækar um foreldra, afkvæmi og ættingja, því öruggara er matið. Þegar öryggi kynbótamats er undir 60% ber að taka þeirri spá með fyrirvara.

Raunar má lesa þessar upplýsingar óbeint út úr kynbótamatinu sem reiknað er fyrir öll hross í WF en þar eru allar hryssur skráðar sem notaðar eru í blóðtöku og ásetningsfolöld. Kynbótamatið gefur mögulegum kaupendum upplýsingar um líkur á t.d. reiðhestskostum fyrir hvern einstakling. Þannig hafa folöld undan ósýndum foreldrum mjög lágt kynbótamat og vandséð að þau trufla markaðinn fyrir langræktuð reiðhestsefni.

Möguleg ræktun á blóðmerum með tilliti til hormónamagns í blóði, er hins vegar á skjön við ræktunarmarkmið íslenska hestsins og gæti leitt til þess að mismunandi stofnar íslenska hestsins yrðu til.

Í umræðu um málefnið hafa einnig komið fram rök sem byggja á tilfinningum gagnvart hestinum. Sumir telja einfaldlega að hross séu ekki sláturdýr heldur eigi fremur að flokka þau með gæludýrum, en ekki búfé sem gefi af sér afurðir til manneldis. Fyrir því eru engin efnisleg rök en sjónarmiðin eftir eru sem áður fyrir hendi og hafa áhrif á umræðuna.

6.4 Réttur til atvinnu

Í 75. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjkskr.) er kveðið á um vernd atvinnufrelsis. Í 1. másl. 75. gr. stjkskr. segir að öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess sbr. 2. másl. 75. gr. stjkskr. Meginreglan er því sú að fólki er heimilt að stunda þá atvinnu sem það kys en á henni eru undantekningar sem fela í sér að hægt er að takmarka frelsið að tvennum skilyrðum uppfylltum, þ.e. með lögum og á grundvelli almannahagsmuna.

Atvinnuréttindi eru almennt talin vera hluti af atvinnufrelsi manna. Með atvinnuréttindum er átt við heimildir fólks til þess að stunda áfram þau störf, sem þeir hafa tekið upp, en stundum einnig þau störf, sem það hefur fengið sérstakt leyfi til eða löggildingu stjórnvalda til að stunda. Í ljósi þess að atvinnuréttindi geta haft fjárhagslegt gildi njóta þau jafnframt verndar 72. gr. stjkskr. sem mælir fyrir um friðhelgi eignarréttarins. Með orðinu eign í 72. gr. stjkskr. því ekki einungis átt við áþreifanleg verðmæti eins og fasteignir og lausafé, heldur ýmis önnur réttindi líkt og afnotaréttindi, kröfuréttindi og höfundaréttindi sem og ýmis atvinnuréttindi.⁵⁴

Svo að skerði megi eignarréttinn þurfa þrjú skilyrði að vera uppfyllt, þ.e. hin sömu tvö og nefnd voru að ofan varðandi atvinnufrelsið, að almannahagsmunir krefji, að lagaheimild sé til staðar og þriðja skilyrðið er að fullt verð komi fyrir. Grundvallarmunur á réttarvernd ákvæða 72. gr. og 75. gr. stjkskr. og almennt hefur verið litið svo á að skerðingu á atvinnufrelsi verði menn að pola bótalaust.⁵⁵ Öðru máli gegnir hins vegar um skerðingar á atvinnufrelsi sem lítur að

⁵⁴ Þorgeir Örlygsson: „Hver á kvótann?“. Tímarit lögfræðinga, 1. tbl. 1998, bls. 30.

⁵⁵ Þorgeir Örlygsson: „Hver á kvótann?“. Tímarit lögfræðinga, 1. tbl. 1998, bls. 42-43. Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 608.

atvinnuréttindum sem kunna að hafa fjárhagslega þýðingu fyrir rétthafann. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 72. gr. stjkskr. getur löggjafinn sett eignarrétti manna ýmsar takmarkanir en þá heimild má leiða af 2. gr. stjkskr. um almennar valdheimildir löggjafarvaldsins.⁵⁶ Það er því svo að löggjafinn getur heimilað ýmsar takmarkanir á eignarrétti sem og skerðingu eignarréttinda sem ekki teljast vera eignarnám án þess að bætur komi fyrir enda er það markmið 1. mgr. 72. gr. að setja löggjafanum sjálfum skorður. Menn geta sem dæmi þurft að þola það bóatalaust að atvinnuréttindi þeirra séu skert með lagasetningu sem gerir t.d. strangari skilyrði til þeirrar atvinnu ef slík skilyrði eru sett með tilliti til almannahagsmuna.⁵⁷ Hins vegar ef að atvinnuréttindi byggja á sérstöku leyfi stjórnvalda þá teljast þau almennt til eignarréttinda rétthafans og njóta verndar skv. 72. gr. stjkskr.

Takmarkanir á atvinnuréttindum verða þó að byggja á málefnalegum forsendum og er þá sérstaklega horft til þess hvort meðalhófs og jafnræðis hafi verið gætt. Í máli Hæstaréttar nr. 182/2007 (Björgunardómur) reyndi á það hvort mat löggjafans um hvað teldust almannahagsmunir byggði á málefnalegum sjónarmiðum líkt og meðalhófi. Málið varðaði Björgun (B) sem hafði frá árinu 1963 stundað vinnslu af hafsbotni en árið 1990 veitti iðnaðarráðuneytið B leyfi til vinnslu á auðlindum hafsbotsins til 30 ára á grundvelli laga nr. 73/1990, um eignarrétt ríkisins að auðlindum hafsbotsins. Lögum þessum var breytt með lögum nr. 101/2000 þar sem umrædd leyfi voru felld úr gildi. Því féll leyfi B úr gildi 15 árum fyrir en til stóð. B taldi að leyfið sem honum var veitt árið 1990 væru eignarréttindi og atvinnuréttindi sem vernduð væru af 1. mgr. 72. gr. og 1. mgr. 75. gr. stjkskr. og að á meðan B uppfyllti öll skilyrði sem sett voru fyrir leyfisveitingunni væri ekki hægt að svipta hann réttindunum 15 árum fyrir en það átti að renna út. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir varðandi sjónarmið um meðalhóf að við mat löggjafans um almannabörf hafi verið gætt réttra og lögmætra sjónarmiða, breytingarnar væru almennar og málefnalegar og ekki sýnt fram á þær hafi ekki stuðst við haldbær rök eða viðurkennd löggjafarsjónarmið. Því stæðu ákvæði 72. gr. og 75. gr. stjkskr. ekki í veg fyrir breytingunum. Þá taldi dómurinn jafnframt að ákvæði 1. mgr. 65. gr. stjkskr. standi ekki í vegi fyrir því að löggjafinn setji mismunandi lagareglur um ólíkar framkvæmdir, enda sé þar byggt á málefnalegum sjónarmiðum. Dómurinn taldi að ótiltekin leyfi um framkvæmdir, sem gefin væru út á grundvelli annarra laga en laga nr. 73/1990, gætu ekki talist sambærileg þeim leyfum sem út væru gefin á grundvelli þeirra laga þannig að þau væru tæk til samanburðar við beitingu jafnræðisreglu.

Þá er löggjafanum játaður rúmur réttur til takmörkunar á atvinnufrelsi þegar um er að ræða takmarkanir eða bann við skaðlegri atvinnustarfsemi eða starfsemi sem talin er þjóðfélagslega óæskileg. Í dómi Hæstaréttar í máli 1964/573 (sundmarðarmálið) er að finna dæmi um heimild löggjafans til þess að banna atvinnustarfsemi án þess að nokkrar skaðabætur komi fyrir. Minkaelði var bannað með lögum nr. 11/1951 og höfðaði maður, sem rekið hafði minkabú, skaðabótamál á hendur ríkinu, m.a. fyrir atvinnuspjöll. Bæði héraðsdómur og Hæstiréttur komust að þeirri niðurstöðu að bæta bæri minkahús, bú og tæki, en kröfunni um bætur fyrir atvinnuspjöll var hafnað á báðum dómstigum. Í rökstuðningi Hæstaréttar segir að minkaelði

⁵⁶ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 478.

⁵⁷ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 608.

hafi verið bannað vegna þeirrar hættu og spjalla sem minnar sem úr haldi sleppa valdi og því séu að svo vöxnu máli ekki efni til að bæta umrædd atvinnuspjöll. Dómurinn virðist leggja aðaláhersluna á að bótaskylda sé ekki fyrir hendi vegna ástæðna og tilgangs atvinnuskerðingarinnar.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að löggjafinn hefur rýmri heimildir til skerðingar á atvinnuréttindum sem falla undir 72. gr. stjkskr. heldur en öðrum eignarréttindum. Svo að skerða megi þessi réttindi er gerð krafa um lagaáskilnað og einnig almannahagsmuni. Löggjafinn hefur töluvert svigrúm við mat á því hvað telst til almannahagsmuna en þeir þurfa að byggja á málefnalegum sjónarmiðum svo sem um meðalhóf og jafnræði.

7 Tillögur

Gerð er ítarleg grein fyrir vinnu hópsins í skýrslunni. Við vinnuna kom glögglega í ljós að málefni tengd blóðtöku úr fylfullum hryssum eru afar umdeild og litlar líkur á því að almenn sátt verði um neina eina niðurstöðu. Sjónarmiðin sem fram komu eru einfaldlega ósamrýmanleg og skoðanir á báða vegu mjög afdráttarlausar.

Hópurinn telur þó að valkostirnir um framhald málsins séu samt í meginatriðum tveir, að leyfa starfsemina áfram en á breyttum forsendum eða að banna hana.

7.1 Að leyfa starfsemina áfram á breyttum forsendum.

Líkt og fram kemur í kafla um löggjöfina er það mat starfshópsins að lagaumgjörðin um blóðtöku úr fylfullum hryssum sé afar óljós og að það sé ekki viðunandi enda er um nokkuð umfangsmikla og umdeilda starfsemi að ræða. Það er þó mat starfshópsins að lagaheimild til að skilyrða starfsemina leyfi sé til staðar og því sé ekki þörf á lagabreytingum.

Í kjölfarið leggur hópurinn til að sett verði sérstök reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum þar sem skýrt verði kveðið á um hvaða skilyrði starfsemin þarf á að uppfylla og hvaða aðilar beri ábyrgð á einstökum þáttum hennar á grundvelli 20. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Til þess stendur heimild ráðherra í 46. gr. laganna. Með setningu slíkrar reglugerðar yrði hin óljósa réttarstaða þessarar starfsemi færð til betri vegar.

Með því að setja slíka reglugerð verður skýrt að starfsemin sé leyfisskyld og háð skilyrðum og jafnframt að hún fellur ekki undir ákvæði reglugerðar nr. 460/2017, um dýr sem notuð eru í vísindaskyni.

Skilyrði reglugerðarinnar má byggja á þeim sem Matvælastofnun setur nú, auk þess sem hópurinn leggur til að þau verði aukin m.a. með tilliti til þeirra sjónarmiða sem fram komu hjá hagaðilum og öðrum sem starfshópurinn ræddi við. Setja þarf ítarlegri ákvæði um aðbúnað og aðstöðu, eftirlit með ástandi hrossa varðandi heilbrigði, hófhirðu og skapgerðarmat, vinnuaðferðir við blóðtökuna sjálfa og um innra og ytra eftirlit með henni. Þá telur hópurinn nauðsynlegt að óháður aðili svo sem Tilraunastöðin á Keldum sannreyni mælingar á blóðbúskap hryssnanna að minnsta kosti tímabundið. Nauðsynlegt er einnig að skilyrði verði sett um aldursbil hryssna í blóðtöku, hámarksfjölda í stóðum og hámarksfjölda sem dýralæknir má hafa umsjón með í blóðtöku. Þá er eðlilegt að aðstoðarmaður undir stjórn dýralæknis sé til staðar við hvern blóðtökubás til að geta brugðist skjótt við ef vandamál koma upp.

Hópurinn leggur einnig til að framleiðsluhvetjandi hvatakerfi sem geta stefnt dýravelferð í hættu verði óheimil.

Með reglugerðinni yrði jafnframt kveðið á um ábyrgð þeirra aðila sem að blóðtökunni koma, þ.e. hver beri ábyrgð á hrossunum (hryssur og folöld) í hverjum verkþætti blóðtökunnar frá því að rekið er að og þar til hrossin eru komnar í varanlegt beitarhólf aftur.

7.2 Að banna starfsemina með lögum

Hópurinn telur að ekki sé hægt að banna starfsemina á grundvelli núgildandi laga nr. 55/2013, um velferð dýra eins og fram kemur í umfjöllun starfshópsins um frelsisákvæðin fimm. Með því er á engan hátt dregið úr alvarleika þeirra atvika sem koma fram í myndbandi AWF/TSB og er alveg ljóst að slík meðferð er bönnuð á grundvelli gildandi laga.

Ef banna á starfsemina á grundvelli dýravelferðar þyrfti auk þess að líta til jafnræðis milli mismunandi dýrahalds í atvinnuskyni en starfshópurinn fór ekki í slíkan samanburð. Að auki yrðu að koma til sterkari málefnaleg sjónarmið byggð á mögulegum breytingum á niðurstöðum eftirlits og rannsókna.

Annar möguleiki væri að banna starfsemina á grundvelli óbeinna efnahagslegra hagsmuna, s.s. ímyndar íslenska hestsins og hugsanlegra neikvæðra áhrifa á hestatengda starfsemi í landinu. Líkt og fram hefur komið er erfitt að mæla eða sýna fram á slík áhrif en þó væri það óhjákvæmilegt áður en ákvörðun yrði tekin með tilliti til slíkra sjónarmiða. Slík sjónarmið kunna að falla undir skilyrðið um að almannahagsmunir krefjist þess að starfsemi þessi verði bönnuð en slík ákvörðun verður að auki að samrýmast þeim kröfum sem gerðar eru til skerðingar á stjórnarskrárvörðum réttindum.

Viðaukar

Viðauki 1: Greinargerð fagráðs í hrossarækt til starfshópsins.

Fagráð í hrossarækt starfar samkvæmt lagastoð í búnaðarlögum (nr. 70/1998). Það kemur að mótun stefnu í kynbótum og þróunarstarfi í búgreininni, skilgreinir ræktunarmarkmið og setur reglur um framkvæmd meginþátta ræktunarstarfsins. Enn fremur mótar það tillögur um stefnu í fræðslumálum og rannsóknnum búgreinarinnar og fjallar um önnur mál sem vísað er þangað til umsagnar og afgreiðslu. Í fagráðinu sitja aðilar úr hópi bænda, ræktunarleiðtogi íslenska hestsins, auk sérfróðra aðila.

Ræktunarmarkmið íslenska hestsins miðar að því að rækta heilbrigðan, frjósaman og endingargóðan reiðhest. Reiðhesturinn á að geta sinnt fjölmörgum hlutverkum og nýttast breiðum hópi fólks. Notkun hestsins miðast fyrst og fremst við reiðhestkosti hans þar sem hann nýttist til almennra útreiða, ferðalaga og í ýmsa keppni. Ítarleg skilgreining á eiginleikum sköpulags, reiðhestskosta og geðslags er nánar getið um í reglugerð 568/2020¹ þar sem vísað til einkunnarinnar 10 samkvæmt ítarlegum dómskala fyrir hvern undireiginleika sem metinn er á kynbótasýningum. Einstaklingssýningar hrossa er burðarásinn í kynbótastarfi í hrossarækt.

Mikið og öflugt rannsóknar- og fræðastarf liggur að baki ræktun íslenska hestsins og verðmæti allrar þeirra vinnu verður seint metið til fjár. Með öflugum kynbótastarfi hafa náðst fram miklar erfðaframarir á síðustu áratugum sem hafa skilað hesti sem er æ eftirsóttari. Mikil aukning í útflutningi endurspeglar meðal annars þennan afrakstur enda ræktun íslenska hestsins hvergi framar en á Íslandi, eins og staðan er í dag miðað við reiknaðar erfðaframarir. Reiðhestamarkaðurinn skilar milljarða tekjum í þjóðarbúið á ári hverju og á sinn þátt í æ auknum ferðamannastraumi til landsins. Öflug markaðssetning hefur verið á íslenska hestinum t.a.m. með átakanu *Horses of Iceland* og fjöldi ferðamanna sækir Ísland heim hvort sem er til að kaupa hross, ferðast á hrossum eða heilsa upp á hrossin sín sem alast upp á Íslandi. Hagmunir snúa ekki einungis að hrossasölu heldur allri þjónustu í kringum hestinn eins og tamningu, þjálfun, reiðkennslu, járnungum, uppeldi á hrossum fyrir fólk bæði í þéttbýli á Íslandi og fólki búsettu erlendis. Enn fremur má nefna viðamikið íþróttastarf, keppnis- og sýningahald með viðburðum um nær hverja helgi.

Rannsóknir einskorðast þó ekki aðeins við ræktunarstarfið heldur er öflugt starf á öðrum vettvangi sem miðar að því að gera allt utanumhald og meðferð reiðhrossa hestvænna og velferð hrossanna skiptir þar sköpum. Má hér nefna þróun og mótun hestvænna tamninga og þjálfunaraðferða. Öll framangreind vinna hefur skapað jákvæða ímynd íslenska hestsins og tengingu við hreinleika, heilsu, hreysti og íslenska náttúru þar sem fagmennska er á öllum sviðum hvort sem það snýr að ræktun uppeldi, tamningum, sýningu eða reiðmennsku hins almenna hestamanns.

Hrossaræktin einskorðast ekki aðeins við Ísland, heldur eru fæðingarlönd hestsins 30 talsins og alls er íslensk hross að finna í nær 40 löndum víðs vegar um heiminn. Gríðarlega umfangsmikið alþjóðlegt starf er um íslenska hestsins undir merkjum FEIF sem eru Alþjóðasamtök íslenska hestsins, með 22 aðildarlönd með rúmlega 80.000 meðlimi. Ísland gegnir lykilhlutverki, bæði sem leiðandi í því alþjóðlegu starfi og stefnumótun þess. Ísland er skilgreint sem upprunaland íslenska hestsins en það sem skilgreinir íslenskan hest utan Íslands er hreinræktun hans og

skráning í upprunaættbók íslenska hestsins, Worldfengur.com. Ættir allra hrossa utan Ísland þarf að vera hægt að rekja með sannarlegum hætti til hrossa fæddum á Íslandi. Hlutverk upprunaættbókarinnar er utanumhald upplýsinga er viðkemur ræktun íslenska hestsins. Þar er að finna kynstrin öll af faglegum upplýsingum og fróðleik um ættir hrossa, dóma og kynbótamat, heilsufar, stóðhestahals, fyljana- og folaldaskráninga og erfðafræðiupplýsinga; lita, arfgerða og ætternis, svo eitthvað sé nefnt.

Worldfengur er skýrsluhald á heimsmælikvarða og hefur vakið athygli hjá skrásetjurum og fræðimönnum annarra hrossakynja. Gæði og gildi Worldfengs er lykilþáttur þeirra fjölmörgu rannsókna sem unnið er að bæði á Íslandi og erlendis. Vonandi innan skamms getum við horft til framfara fólgnu í erfðamengisúrvali hrossa. Um 550.000 hross eru skráð í Worldfeng og telst íslenski hrossastofninn einn og hinn sami hvar sem er í heiminum. Það skýtur skökku við að skipta íslenska hrossastofninum upp í tvo stofna í upprunalandinu og enginn praktískur möguleiki að viðhafa það. Með tveimur stofnum yrði stöðvun á flæði erfðaefnis á milli þeirra sem myndi líklega fljótlega leiða til minnkunar í erfðabreytileika og líkindum á að upp kæmu erfðasjúkdómar.

Samkvæmt lögum er skylda að skrá öll hross í Worldfeng, þar sem hann er ekki aðeins Upprunaættbók íslenska hestsins, heldur líka hjarðbók. Um 5000 folöld eru nýskráð árlega á Íslandi. Árlega er reiknað kynbótamat sem er mat á erfðagildi hrossa til framræktunar. Kynbótamatið byggir á dómum frá kynbótasýningum. Í útreikningum er tekið tillit til allra skráðra hrossa í Worldfeng sama hvaða hlutverki þau gegna. Það er afar mikilvægt í slíku mati að tryggja upplýsingar um ætterni liggi fyrir og nægt magn staðlaðra upplýsinga enda grundvöllur öryggi kynbótamatsins. Kynbótamat án nægjanlegs öryggis er lítils virði. Skráning á þeim hryssum sem notaðar eru í blóðtöku er oft á tíðum afar takmörkuð og ótrygg. Ættlínan er oft stutt eða óþekkt og talsverð tíðni er á umskráningum fæðingarnúmera eða skráning á augljósum þáttum eins og kyni stundum óljós. Spurning er hvað veldur en verður að teljast ófaglegt. Enn fremur virðist skráning á heilsufarslegum þáttum alls ekki tæmandi. Ofangreindur misbrestur á skráningu dregur úr gildi kynbótamatsins og hefur þar af leiðandi áhrif á mat allra annarra hrossa í stofninum enda kynbótamat uppröðun á kynbótagildi allra íslenskra hrossa til framræktunar, hvar sem þau eru fædd eða stödd í heiminum. Einnig má ætla að stór hluti af þeim hryssum sem mynda þann hóp hryssna sem nú eru í blóðtöku séu hryssur sem ekki eru nýtanlegar í reiðhestaræktun t.d. vegna skorts á getu, sjúkdóma s.s. spatts, skúffukjafts eða annarra kvilla, hrekkja eða slægni eða einfaldlega ekki tekið tamningu af einhverjum orsökum. Margar þeirra eru líka ótamdar og hafa þá oftast uppruna sinn í svokölluðum kjötstöðum. Líklegt má því telja að þetta séu að uppistöðu hryssur sem alls ekki ætti að selja til lífs undan, enda líklegar til að skaða ræktunarstarfið, reiðhestamarkaðinn og draga úr trúverðugleika íslenskrar hrossaræktar til framtíðar. Fjöldi hryssna í blóðtöku er nú jafns við fjölda hryssna í reiðhestaræktun og svo virðist sem stefnan sé að auka, jafnvel margfalda þann fjölda á næstu árum. Þetta er skaðlegt fyrir hrossaræktina og verðmætasköpun hennar á allan hátt. Þessi framleiðsla og aukaafurðir hennar sem eru folöldin, skapa þá hættu að við glötum niður því öflugra starfi sem unnið hefur verið að í að verða eina og hálföld. En fyrstu lög um kynbætur hrossa voru sett á Alþingi árið 1891 og fyrstu búfjárræktarlögin árið 1931.

Blóðtaka hryssna skaðar góða og jákvæða ímynd íslenska hestsins sem ötullega hefur verið unnið að. Ef við stundum blóðmerabúskap á Íslandi munum við alltaf eiga á brattan að sækja með allt okkar markaðsstarf og ímyndarsköpun. Málið snýst ekki um hvort hægt sé að stunda blóðmerabúskap án dýraniðs; staðdeyfa, taka hæfilegt magn yfir tímabilið eða skilyrða að einungis tamdar hryssur verði notaðar. Málið snýst um það hversu slæma ímynd þessi búskapur hefur um allan heim og sú ímynd mun alltaf smita allt okkar hestahald á meðan þessi búskapur er stundaður hér á landi. Þó má nefna umdeildar skoðanir og mat sérfræðinga á raunverulegri velferð hryssna sem eru í blóðtöku². Hvaða rannsóknir hefur til dæmis Ísteka lagt til í að bæta sinn búskap, hafa þeir kannað almennilega áhrifin af blóðtökunni á hryssurnar s.s. varðandi magn tekins blóðs og að hryssurnar, séu bæði fylfullar og annast lifandi folald á meðan blóðtöku stendur. Einnig vaknar sú spurning hver sé siðfræðileg réttlætning þess að stunda blóðtöku til framleiðslu lyfs sem er hægt að framleiða á rannsóknastofu og er þar af leiðandi í andstöðu við lög³. Blóðtakan skapar ekki aðeins spurningu um velferðarsjónarmið blóðmeranna heldur einnig gyltnanna sem lyfið er notað til að auka frjósemi sem vitað er að uppistöðu ýkt nytjastefna. Það er skylda okkar að taka athafnir okkar til umhugsunar ef þær hafa áhrif á velferð dýra og verður seint talið vera pólitískt að standa vörð um hana.

Að öllu framansögðu ályktar Fagráð í hrossarækt að leggja skuli bann við blóðmerahaldi.

[1]<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/landbunadarraduneyti/nr/17553>

[2]<https://www.visir.is/g/20212196811d>

[3]<https://www.visir.is/g/20222228941d/stangast-blodtaka-ur-merum-a-vid-log->

Viðauki 2: Greinargerð félags hrossabænda (deildar hrossabænda innan Bændasamtaka Íslands) til starfshópsins.

Hrossabændadeild Bændasamtaka Íslands er búgreinafélag hrossaræktarinnar á Íslandi. Deildin er opin öllum þeim er stunda eða hafa áhuga á ræktun íslenska hestsins.

Íslenski hesturinn er sendiherra lands og þjóðar í mörgum löndum innan sem utan Evrópu en alþjóðasamtök íslenska hestsins (e.FEIF) samanstanda af 22 þjóðum og rúmlega 80.000 meðlimum. Hann nýtur mikillar hylli og er eitt af einkennismerkjum Íslands og mikilvægi hans fyrir ímynd landsins má aldrei vanmeta.

Skipulögð ræktun á honum sem reiðhesti hefur verið stunduð frá því snemma á 20. öldinni en fram að því var ræktun hans ekki eins markviss. Hann nýttist forfeðrum okkar vel til ferðalaga og vinnu og var oftast ekki kallaður þarfasti þjónninn vegna mikilvægi síns. Með tilkomu þess að vélaafli leysti hann af hólmi varð hann ekki nauðsynlegur til slíkra verka en fékk annað og nýrra hlutskipti. Hann varð fjölskyldu-, útreiða- og keppnishestur og mikilvægur vinur í dagsins amstri þeirra tugþúsunda manna um heim allan sem njóta samneytis við hann. Þéttbýlisbúar komast í snertingu við náttúruna í gegnum hann. Ísland er og verður upprunaland hans, en mikilvægt er að viðhalda góðri ásýnd í aukinni samkeppni við önnur aðildarlönd innan FEIF, önnur hestakyn á reiðhesta markaði heimsins og í samkeppni við aðra náttúruupplifun.

Undanfarna mánuði hefur umræða um blóðmerahald verið hávær og þarft er að meta hvaða áhrif sú starfsemi getur haft á hrossarækt á Íslandi til framtíðar. Undanfarin ár hafa jafnframt skapast umræður á aðalfundum Félags hrossabænda (FHB, sem nú er orðið Hrossabændadeild BÍ) varðandi áhyggjur af ásýnd starfsins, vaxandi umfangi þess og áhrif þess á reiðhestamarkaðinn. FHB hefur ítrekað bent á að umfang þessa starfs væri orðið of mikið, en fjöldinn í blóðmerahaldi hefur rúmlega þrefaldast á 8 árum, úr 1.593 árið 2013 í 5.383 árið 2021. Þannig hefur þetta starf farið frá því að vera einhvers konar hliðarbúgrein og er orðin megin búgrein í einhverjum tilfellum, auk þess sem fyrirtækið Ísteka, sem kaupir blóðið af bændunum, er langstærsti einstaki hesteigandinn í landinu.

Það er alveg ljóst að það inngríp, sem blóðtakan er, hvernig hún fer fram og hversu mikið blóðmagn er tekið úr hryssunum, er mjög gagnrýnt og dýralæknar ekki allir á sama máli. Í framhaldi af því má í raun segja að það sæti furðu, þar sem þetta starf er undir eftirlit Mast, að ekki hafi farið fram óháð rannsókn á því hvort hryssurnar þoli þetta inngríp og hægt sé að leggja fram óháðar niðurstöður því til stuðnings.

Svo virðist sem samkeppnisaðstaða Íslands gagnvart öðrum löndum innan FEIF hafi aldrei verið verri í kjölfar fréttu og umræðna af blóðmerahaldi. Fjöldi tölvupósta hefur borist Hrossabændadeild BÍ þar sem við erum hvött til að beita okkur fyrir því að þessu starfi verði

hætt. Má þar t.d. nefna áskorun þess efnis frá Þýskalandi með um 3.000 undirskriftum. Neikvæð umræða um blóðmerahald á Íslandi hefur einnig hlotið mikla umfjöllun í stórum erlendum miðlum víða um heim samkvæmt PR stofu Íslandsstofu. Má þar nefna eina vinsælustu sjónvarpsstöð Þýskalands, Das Erst, sem var með ítarlega umfjöllun um málið, en hún er með u.þ.b. 658 milljón mánaðarlega heimsóknir á vefinn hjá sér. Hrossabændadeild BÍ hefur miklar og vaxandi áhyggjur af því að blóðmerahald á Íslandi varpi skugga á ásýnd íslenskrar hrossaræktar og ógni því mikla og góða ræktunar-og markaðsstarfi sem unnið hefur verið að síðustu ár og áratugi. Þá geti það einnig haft mjög neikvæð áhrif á fjölþætt starf og þær fjölmörgu atvinnugreinar sem íslenska reiðhestinum tengjast.

Hvort sem tillögur starfshópsins verða að banna starfsemina eða leyfa hana, vill Hrossabændadeild BÍ koma áfram að samtali um æskileg næstu skref í átt að þeirri niðurstöðu sem starfshópurinn mun leggja til. Ef starfsemin á að halda áfram þarf að setja henni slík skilyrði og forsendur að ásýnd hennar varpi ekki skugga á fjölþætt starf hestategndrar starfsemi á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir faglegu ræktunarstarfi og umfangsmiklu og árangursríku markaðsstarfi hrossaræktar á Íslandi:

Faglegt ræktunarstarf: Öll íslensk hross eru skráð í Veraldarfeng (e.Worldfengur) ættbók íslenska hestsins. Þangað sækja ræktendur upplýsingar um hvern grip en þær byggja á mætingu hrossa til kynbótadóms, ætterni og öðrum mikilvægum upplýsingum. Líta má á að merar í blóðframléiðslu séu að litlu leiti að taka þátt í hinu eiginlega ræktunarstarfi hrossaræktarinnar, þar sem að þær þurfa ekki að búa yfir reiðhestseiginleikum og ekki endilega horft til þeirra við þörun. Oft á tíðum eru það merar sem ekki henta í almenna hrossarækt, vegna geðslags-, útlits- eða ganglagsgalla, sem enda í blóðframléiðslu. Þessar merar, sem að öllu jöfnu væri betra fyrir ræktunarstarfið að ekki væru notaðar til ræktunar, geta viðhaldið göllum í stofninum sem ræktendur eru að reyna að losna við. Eftir því sem fleiri slíkar merar eru láttnar fjölga sér má gera ráð fyrir að það fjölgi hrossum sem ekki eru gædd þeim eiginleikum sem ræktunarmarkmiðið miðar að. Rati þau inn á almennan hestamarkað er hætt við að þau grafi undan þeim árangri sem ræktunarmarkmiðið gengur út á.

Hrossarækt er umfangsmikil hér á landi en á hverju ári eru skráð til lífs og ásetnings u.þ.b. 5.500-6.500 folöld í Worldfeng. Hrossaræktarbú á landinu öllu má telja í hundruðum þar sem stunduð er markviss ræktun hrossa. Ræktendur nýta reynslu, menntun og innsæi sitt til þess að para hryssur sínar saman við stóðhesta. Hrossin eiga að tamningu lokinni að sinna þeim fjölmörgu hlutverkum sem íslenska hestinum er ætlað og nefnd voru í inngangi. Hrossin alast upp við náttúrulegar aðstæður og frjálrsræði sem þeim eru eðlislægar. Þar læra þau hjarðeðli og annað sem mikilvægt er andlegum og líkamlegum þroska hvers grips. Þetta frjálrsræði í uppeldinu þykir erlendum kaupendum hrossa eftirsóknarvert.

Langflest tryppi eru tamin þegar þau eru á fjórða vetri. Ræktendur láta í flestum tilfellum temja þau af menntuðu fagfólki eða fólki með mikla reynslu af tamningum og þjálfun. Margir fagaðilar hafa háskólagráðu í reiðmennsku og reiðkennslu frá Háskólanum á Hólum. Hólaskóli er leiðandi á heimsvísu í þekkingaröflun og rannsóknum á reiðmennsku og reiðkennslu og ýmsu því er við kemur íslenska hestinum. Margir erlendir nemendur eru við skólann ár hvert. Áhersla á hestvænni reiðmennsku og þjálfun hefur verið aðal keppikefli skólans á undanförunum árum.

Á hverju vori útskrifast þaðan á annan tug reiðkennara og tamningamanna sem við nefnum gjarnan sendiherra íslenska hestsins. Gífurlegar framfarir hafa orðið í allri aðstöðu til tamninga hér á landi og sést það ef til vill best á þeim fjölda reiðhalla og reiðskemma sem risið hafa á síðustu árum.

Fleiri skólar bjóða upp á hestatengt nám og mjög mikið er um námskeiðahald á vegum reiðkennara og hestamannafélaga bæði hérlendis og erlendis. Af því má sjá að áhuginn hjá eigendum hesta á að verða betri knapi, hestinum og knapanum til heilla, er mikill.

Miklar kröfur eru gerðar til kynbótastarfs hrossa. Til að mynda eru íslenskir kynbótadómarar um 20 talsins og eru þeir allir háskólamenntaðir, að minnsta kosti með þriggja ára grunnnám í búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri eða þá þriggja ára nám í hestafræði, tamningum og reiðkennslu við Háskólann á Hólum. Til viðbótar eru margir þeirra með meistaraþróf eða doktorsþróf. Líkt og við Hólaskóla er öflugt rannsóknarstarf er tengist íslenska hestinum stundað við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Fagmennska og þekking er því mikil á öllum sviðum ræktunarstarfsins.

Umfangsmikið og árangursríkt markaðsstarf: Um áratuga skeið hefur verið unnið að markaðssetningu og kynningu á hestinum og hestamenskunni og eiga margir hlutdeild í þeirri vinnu. Í því sambandi er hægt nefna mikla og skipulagða reiðkennslu erlendis, Íslendinga sem hafa sest að erlendis og byggt upp áhuga og markaði.

Á undanförunum sjö árum hefur verið stundað skipulagt markaðsstarf undir heitinu Horses of Iceland. Helstu bakhjarlar verkefnisins eru, íslenska ríkið, ýmis félagasamtök um íslenska hestinn, innanlands sem og erlendis, auk margra fyrirtækja sem hafa hagsmuni af þeirri margháttuðu starfsemi sem tengist íslenska hestinum. Verkefnið er í daglegri umsjón Íslandsstofu þar sem það nýtur mikillar samlegðar við annað kynningastarf.

Mælingar, sem gerðar eru í tengslum við verkefnið, sýna að erlendum ferðamönnum sem nýttu sér hestatengda ferðþjónustu árið 2019 hér á landi fjölgaði um 9,8% og voru nærri 200.000 manns. Hestatengd ferðþjónusta er umfangsmikil atvinnugrein og víða nátengd annars konar ferðþjónustu sem og ræktun íslenska hestsins. Margir hrossabændur stunda einnig hestatengda ferðþjónustu í einhverjum mæli.

Það er einnig vert að nefna að fjöldi fylgjenda Horses of Iceland á samfélagsmiðlunum Instagram og Facebook er alls 130.200 manns, 1.500.000 gestir sóttu sýningar þar sem Horses of Iceland var með kynningar. Þá má áætla að greinar og þættir um íslenska hestinn og Ísland í kjölfar blaðamannaheimsóknna hafi náð til um 293 milljón manns um heim allan. Margir erlendir ferðamenn kynnast hestinum okkar, kostum hans og gæðum fyrst í gegnum hestatengda ferðþjónustu og er það oft upphafið að því að þeir hinir sömu kaupir sér hest hér á landi. Útflutningur hefur aukist verulega á síðustu árum og síðastliðið ár var met í fjölda útfluttra hrossa, eða yfir 3.400 hross. Þeim hrossum sem flutt eru úr landi er langflestum ætlað það hlutverk að vera frístunda- og útreiðahestar þó innan um megi finna hátt dæmda kynbótagripi og/eða keppnishross sem ætlaður er frami á því sviði erlendis. Útflutningsverðmæti þessara hrossa er á þriðja milljarð íslenskra króna. Í kringum útflutninginn eru margþætt störf sérhæfðra aðila.

Eins og áður hefur verið vísað til hefur Ísland verið í forystu umræktun íslenska hestsins og hingað til lands kemur fólk í leit að hrossum til kaups. Þrotlaus vinna og mikið fjármagn hefur verið sett í það að viðhalda þeirri forystu, en lítið má út af bregða svo það dragi úr því að kaupendur og unnendur íslenska hestsins sækja hingað í leit að hrossum til kaups eða í aðra hestatengda þjónustu. Ísland hefur verið þekkt fyrir dýravelferð og notið mikillar hylli sem uppruna- og forystuland okkar hestakyns.

Drög að þessu skjali voru kynnt á búgreinapingi Hrossabændadeildar BÍ, 4. mars 2022

Frágengið af stjórn Hrossabændadeild BÍ með hliðsjón af ábendingum búgreinapings, 28. mars 2022

Viðauki 3: Yfirlit rannsóknarþjónustu Alþingis um evrópska löggjöf um blóðmerahald.

Fyrirspurn

1. Spurt er um öll Evrópulönd. Gildir bann við blóðtöku úr hryssum í landinu?
2. Ef svo er, þá væri gott að fá lagatextann þar sem bannið kemur fram.

Svar

Ákvæði í evrópskum lögum sem banna blóðtöku úr fylfullum merum til framleiðslu á PMSG
Ekki er að finna ákvæði í almennri dýraverndunarlöggjöf Evrópuríkja þar sem beinlínis er lagt bann við blóðtöku úr fylfullum merum til framleiðslu á PMSG. Sjá nánar í viðhengdu Excel-töfluriti.

Tilskipun 2010/63/ESB um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni

Hins vegar hafa ákvæði [tilskipunar 2010/63/ESB um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni](#) verið túlkuð þannig að blóðtaka úr fylfullum merum til framleiðslu á PMSG sé bönnuð. Þau ákvæði tilskipunarinnar sem gjarnan er vísað til í þessu sambandi er að finna í 4. og 5. gr. hennar

4. gr. Meginreglan um staðgöngu, fækkun og mildun

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess, þar sem því verður við komið, að í stað tilraunar sé notuð vísindalega fullnægjandi aðferð eða prófunaráætlun sem ekki felur í sér notkun á lifandi dýrum.

5. gr. Tilgangur tilrauna

Einungis má gera tilraunir í eftirfarandi tilgangi:

c) í hverjum þeim tilgangi sem er talinn upp í b-lið, til þróunar, framleiðslu eða prófunar á gæðum, skilvirkni og öryggi lyfja, matvæla og fódurs og annarra efna eða afurða,

Eins og sjá má er meginreglan sú að aðeins megi gera tilraunir á dýrum ef engin önnur leið er í boði (4. gr.) en gagnrýnendur blóðtökunnar hafa bent á að hægt sé að nýta aðrar aðferðir sem og önnur kemísk lyf sem þjóna sama tilgangi og PMSG og því sé ekki nauðsynlegt að framleiða PMSG með blóðtöku úr fylfullum merum.

Aðildarríki Evrópusambandsins hafa innleitt tilskipunina í regluverk sitt og á [þessari síðu](#) má sjá með hvaða hætti þau hafa gert það.

Sem dæmi má nefna að í Þýskalandi var það gert með breytingu á [dýraverndunarlögunum](#) og telst framleiðsla á PMSG falla undir 4. tl., 1. mgr., gr. 7a í dýraverndunarlögunum („nýting á dýrum í sambengi við þróun og framleiðslu sem og prófunum á gæðum, skilvirkni eða öryggi lyfja, matvæla, dýrafóðurs eða annarra efna eða afurða“) en þessi lagatexti er nær samhljóða c-lið, 5. gr. tilskipunarinnar (sjá t.d. [svör þýsku sambandsstjórnarinnar](#) við fyrirspurn frá þingmanni um blóðtöku úr fylfullum merum, bls. 41).

Innleiðing tilskipunar 2010/63/ESB á Íslandi

Auk aðildarríkja ESB hafa Ísland, Liechtenstein og Noregur innleitt tilskipunina enda varðar hún samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Á Íslandi var það gert með setningu [reglugerðar nr. 460/2017 um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni](#) eftir að tilskipunin var felld inn í EES-samninginn með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 256/2014](#), frá 12. desember 2014. Ákvæði tilskipunarinnar hér að ofan er að finna nær orðrétt í 8. og 9. gr. íslensku reglugerðarinnar. Þess má geta að leyfi íslenska fyrirtækisins Ísteka til framleiðslu á PMSG ku einmitt byggjast á reglugerð nr. 460/2017. Þá eru [lög um velferð dýra nr. 55/2013](#) og [reglugerð nr. 910/2014 um velferð hrossa](#) einnig sögð eiga við.

	Blóðmerahald bannað í dýraverndunarlögum
Albanía	Nei
Andorra	Nei
Austurríki	Nei
Belgía	Nei
Bosnía og Hersegóvína	Nei
Bretland	Nei
Búlgaría	Nei
Danmörk	Nei
Eistland	Nei
Finnland	Nei
Frakkland	Nei
Grikkland	Nei
Holland	Nei
Hvíta-Rússland	Nei
Írland	Nei
Ítalía	Nei
Króatía	Nei
Kýpur	Nei
Lettland	Nei
Liechtenstein	Nei
Litáen	Nei
Lúxemborg	Nei
Malta	Nei
Moldóva	Nei
Mónakó	Nei

Norður-Makedónía	Nei
Noregur	Nei
Portúgal	Nei
Pólland	Nei
Rúmenía	Nei
Rússland	Nei
San Marínó	Nei
Serbía	Nei
Slóvakía	Nei
Slóvenía	Nei
Spánn	Nei
Svartfjallaland	Nei
Sviss	Nei
Svíþjóð	Nei
Tékkland	Nei
Ungverjaland	Nei
Úkraína	Nei
Þýskaland	Nei

